

Verkfæri í höndum Rússa?

■ Makaði saur á vegg



Öðlast valdið sem hann þráir



2. ÁGÚST 2019 / 31. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV

Verslunarmannahelgin

HVERJIR VERÐA EKKI HVAR?



HARMSAGA ALEXÖNDRU



ÉG MUN **ALDREI** FYRIRGEFA SJÁLFRI MÉR

- Afsalaði sér forræði yfir sonum sínum
- „Ég hélt alltaf áfram að borða tilfinningarnar mínar“



Engin skimun er **100** prósent næm EITT TILFELLI Á ÞRIGGJA ÁRA FRESTI



Íslandsför Loru varð að martröð

■ Einkalífið í rúst



Chance Friðriksson

Afbrotaslóð í **AMERÍKU**

POTTURINN STEFNIR Í

55 MILLJÓNIR



Þú færð Webasto húsbílahitarann hjá

BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Webasto
Feel the Drive



Síðustu orðin
„Guðs blessun. Hugsíð um Roy, félagi minn“
 — Myndasöguhöfundurinn og útgefandinn Stan Lee.

Á þessum degi, 2. ágúst



1824 — Fimmta breiðstræti (e. Fifth Avenue) í New York opnað.



1892 — Charles A. Wheeler fékk einkaleyfi á fyrsta rúllustiganum.



1961 — Bítlarnir komu fram í fyrsta sinn á Cavern-klúbbum í Liverpool.



1962 — Robert Zimmerman breytti nafni sínu löglega í Bob Dylan.



1990 — Innrás Írak í Kúveit.



„Aðeins þú veist hvort við gerðum eitthvað“

„Þetta minnismerki er til vitnis um að við vitum hvað er að gerast“

Erla Dóra
 erladora@dv.is

Oddur Sigurðsson jöklafræðingur tilkynnti árið 2014 að jökullinn Ok gæti ekki lengur talist jökull. Þar með er talið að um fyrsta jökullinn sé að ræða sem hefur horfið vegna hlýnunar jarðar. Fyrir rúmri öld var Ok meira en 15 ferkílómetrar að stærð og yfir 50 metra þykkur. Nú er Ok aðeins um 15 metrar að þykkt og innan við ferkílómetri að stærð.

Rithöfundurinn Andri Snær Magnason og Oddur Sigurðsson munu þann 18. ágúst næstkomandi afhjúpa minnisvarða á Oki. Á minnisvarðanum má finna bréf til framtíðarinnar þar sem stendur:

„Ok er fyrsti nafnkunni jökullinn til að missa titil sinn. Á næstu 200 árum er talið að allir jöklar landsins fari sömu leið. Þetta minnismerki er til vitnis um að við vitum hvað er að gerast og hvað þarf að gera. Aðeins þú veist hvort við gerðum eitthvað.“

Neðst á minnisvarðanum er svo að finna magn koltvíoxíðs í andrúmsloftinu núna, 415 milljónarhlutar (ppm), en magnið hefur ekki verið meira á jörðinni í yfir þrjár milljónir ára.

Minnisvarðinn um Ok hefur vakið heimsathygli og mikið verið fjallað um hann á erlendum miðlum. Vonir standa til að minnisvarðinn muni vekja fólk til meðvitundar um alvarleika loftslagshamfaranna. Það er of seint að bjarga Oki, en enn er hægt að bjarga öðrum jöklum.

Flatarmál íslenskra jökla hefur minnkað um 647 ferkílómetra frá aldamótum og minnkar um sem nemur hálfu flatarmáli Þingvallavatns á hverju ári. Ok er fyrsti jökullinn til að hverfa alveg. Minnisvarðinn er áminning til manneskjunnar

um að loftslagsbreytingar eru raunverulegar, vandamálið er stórt og brýnt að bregðast við núna. Það verða svo kynslóðir framtíðar sem annaðhvort njóta eða gjalda fyrir viðbrögð okkar.



5 gleymdar útihátíðir

Verslunarmannahelgin er skollin á og venju samkvæmt halda mægir á útihátíðir víða um land. Því er við hæfi að rifja upp fimm hátíðir sem urðu gleymskunni að bráð – allavega hjá einhverjum.

Rauðhetta

Útihátíðin Rauðhetta var haldin þrisvar sinnum á árunum 1976–78 við Úlfjótuvatn. Hátíðin var á vegum skátanna og var gefið út að um bindindis-hátíð yrði að ræða. Það fór hins vegar lítið fyrir þeim lofordum og árið 1977 var til að mynda skrifad í Dagblaðinu: „Ölvun var talsverð, einkum á föstudagskvöld og laugardagskvöld, þrátt fyrir að helld hafi verið niður úr nær 200 áfengisflöskum.“



Húsafellshátíðin

Hátíðin var haldin á vegum Ungmennasambands Borgarfjarðar í nokkur ár en frægasta hátíðin var árið 1969. Aðsóknin var gríðarleg og líkti blaðamaður Morgunblaðsins hátíðinni við hina godsagnakenndu Woodstock-hátíð í Bandaríkjunum. „Aðsóknin að Woodstock-hátíðinni var mun meiri en búist var við og skipulagið fór úr böndunum. Húsafellshátíðin kemur því vel út í þessum samanburði, ekki síst í ljósi þess að miðað við hina frægu höfðatölureglu var hún fimmtíu sinnum fjölsóttari.“

Saltstokk

Það var hins vegar önnur hátíð sem Woodstock var fyrirmyndin að og það var Saltvíkurhátíðin á Kjalarnesi sem haldin var um hvítasunnuhelgina árið 1971. Vegna fyrirrennarans var hátíðin aldrei kölluð annað en Saltstokk. Saltstokk var haldin til að stemma stígu við unglíngadrykkju og var hún skipulögð af Æskulýðsráði Reykjavíkur. Þetta gekk hins vegar ekki betur en svo að ölvun var gríðarmikil á hátíðarsvæðinu og þurfti Æskulýðsráðið að þola mikla gagnrýni eftir að hátíðinni lauk.



Víðeyjarhátíðin

Hátíðin í Víðey árið 1984 er líklegast eitt mesta útihátíðarklúður Íslands-sögunnar. Væntingar skipuleggjandans Magnúsar Kjartanssonar voru að þúsundir manna myndu sækja hátíðina heim en aðeins fjögur til fimm hundruð mættu, eins og eftirminnlega var gert grín að í áramótaskaupinu það árið. „Ég gæti trúað því að krökkum þyki heppilegra að fara eitthvað út fyrir bæinn, en vera endilega þar sem mamma og pabbi gætu allt í einu dúkkað upp á tjaldskörinni, boðið góðan daginn og verið komin í heimsókn,“ sagði Magnús í samtali við Dagblaðið.

Uxi 95

Það fór um marga foreldra þegar fregnir af því hvernig útihátíðin Uxi á Kirkjubæjarklaustri árið 1995 færi fram bárust. Prodigy, Aphex Twin, Bobbie Gillespie og Prodigy tróðu upp á hátíðinni en hún er þekkt í seinni tíð sem E-pilluhátíðin. Á þessum tíma var E-píllan að ryðja sér til rúms hér á landi og einhverjir fóru það illa út úr pilluáttinu á Uxa að þeir þurftu að leita sér lækniástoðar. Fyrir vikudag var búin til ný kynslóð, X-kynslóðin, og eins og nafnið gefur til kynna voru allir sem tilheyrðu henni dæmdir pilluhausar, að minnsta kosti um tíma.



POTTURINN STEFNIR Í

55

MILLJÓÑIR



LEIKURINN OKKAR



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR

á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær



KVADDUR MEÐ SORG Í HJARTA

■ Sigurður Magnason læknir er látinn
■ Ötull baráttumaður fyrir aukinni vitundarvakningu um vanda ungra fíkla

Guðmundur Ragnar Einarsson
gre@dv.is



Sigurður Magnason læknir lést sunnudaginn 21. júlí síðastliðinn, fimmtíu ára að aldri. Sigurður átti ættir að rekja norður í land. Eftir útskrift úr Menntaskólanum á Akureyri stundaði hann nám í læknisfræði við Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan árið 2004. Stuttu eftir útskrift hélt hann til Noregs í sérnám í barnalækningum og starfaði sem læknir við Barnekklinikken í Bergen fram á mitt ár 2012, þegar hann sneri aftur heim til Íslands. Eftir heimkomuna starfaði hann sem læknir við heilsugæsluna í Hamraborg í Kópavogi og við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Hann vann síðan á Heilsugæslustöðinni í Hlíðunum í Reykjavík þar til hann lést.

Samráðsvettvangur foreldra

Sigurður barðist ötullega fyrir aukinni vitundarvakningu um vanda ungra fíkla og var einn af stofnendum samstarfshópsins Allsgáð æska – vímuefnaförvarnir og valdefling foreldra. Hans hugðarefni var að búa til samráðsvettvang til að valdefla foreldra barna með vímuefnavanda. Í þessum samstarfshópi voru fulltrúar frá Vímlausri æsku, IOGT á Íslandi, Foreldrahúsi og Olnbogabörnum. Markmiðið var að búa til vettvang þar sem foreldrar gátu miðlað reynslu sinni, í þeirri von að þeirra saga gæti hjálpað öðrum.

Sigurður skipulagði nokkur málþing þessu tengdu, sem DV sýndi beint frá. Það fyrsta var haldið 1. september í fyrra í Veröld, húsi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Tilgangur málþinganna var að miðla upplýsingum og draga fram í dagsljósið þá sem hefðu eitthvað fram að færa sem væri valdeflandi fyrir foreldra.

Málþingin voru opin öllum, þau voru vel sótt og hjálpuðu mörgum.

Vakti athygli hvert sem hann fór

DV átti í miklu og góðu samstarfi við Sigurð í tengslum við þetta verkefni og sá undirritaður um að hjálpa honum við undirbúninginn sem stóð yfir í mörg ár. Sigurður brann fyrir þetta verkefni. Hann lagði sig allan í að hjálpa öðrum og vakti athygli hvert sem hann fór, svo mikill var krafturinn og ástríðan. Sigurður var einnig gagnrýnn á íslenska velferðarkerfið og það úrræðaleysi sem blasir við foreldrum barna með fíknivanda.

Sigurður skilur eftir sig tvær dætur. Útför Sigurðar verður gerð frá Hjallakirkju í Kópavogi þann 8. ágúst næstkomandi klukkan 13. DV vottar dætrum, fjölskyldu og vinum Sigurðar innilegar samúðarkveðjur. Við minnumst Sigurðar sem einstaks manns og samstarfsfélaga.

Hlustaði af athygli
Frú Vigdís Finnbogadóttir á einu af málþinginu sem Sigurður stóð fyrir. Ljósmynd: DV/Hanna



Syrgir bróður sinn Borgar Magnason.



Fagur og hjartahlýr

Borgar Magnason, bróðir Sigurðar, gaf DV góðfúslega leyfi til að birta minningarorð sem hann deildi á Facebook um bróður sinn.

„Undanfarnar vikur höfum við bræðurnir verið í sumarfrí og mikið saman með dætur okkar. Mikið óskaplega sem ég er þakklátur fyrir það nú. Betri stóra bróður hefði ég ekki getað hugsað mér. Ég er svo óendanlega stoltur af þér elsku bróðir minn og þakklátur fyrir þig. Svo fagur og hjartahlýr. Guð gefi þér nú ró bróðir minn en hinum líkn sem lifa.“

Ómetanlegur hlekkur



Minnast Sigurðar með hlýju. Hópurinn á bak við minningarsjóð Einaris Darra og Ég á bara eitt líf á málþingi í Veröld. Ljósmynd: DV/Hanna

Bára Tómasdóttir, Óskar Vídalín Kristjánsson, Andrea Ýr Arnarsdóttir og Aníta Rún Óskarsdóttir eru forsvarsmenn Minningarsjóðs Einaris Darra og forsprakar átaksins Ég á bara eitt líf. Þau minnst Sigurðar með hlýju og kveðja hann með sorg í hjarta.

„Sigurður Magnason, þessi dásamlegi maður, var einn af þeim fyrstu sem studdu og hvöttu okkur í Minningarsjóði Einaris Darra áfram í þjóðaráttakinu Ég á

bara eitt líf. Hann var okkur ómetanlegur hlekkur og aðstoð í öllu okkar starfi, við gátum alltaf treyst á hann ef okkur vantaði tryggja hjálparhönd, faglega ráðgjöf eða vináttusamtal og verðum við honum ávallt virkilega þakklát. Hans verður sárt saknað og kveðjum við hann með virkilega sorg í hjarta,“ segja þau og votta fjölskyldu Sigurðar samúð sína.

„Minning um eins góð-hjartaðan, greindan og yndislegan mann mun lifa í hjörtum okkar um ókomna tíð. Hugur okkar er hjá dætrum hans og fjölskyldu, innilegar samúðarkveðjur, ást og kærleikur til þeirra. Þúsund þakkir fyrir allt, elsku Sigurður, og sérstakar þakkir fyrir allt þitt frábæra starf í þágu lýðheilsu Íslendinga. Hvíldu í friði elsku vinur.“

ALHLIÐA GARÐARÞJÓNUSTA FAGLÆRÐIR GARÐYRKJUFRAEÐINGAR

- TRJÁKLIPPINGAR
- TRJÁFELLINGAR
- TRJÁSNYRTINGAR
- HELLULAGNIR

- RÁÐLEGGINGAR UM PLÖNTUVAL
- SLÁTTUR
- BEÐAHREINSANIR O.FL.



Sælandsgarðar ehf.

ÉG GET EKKI HÆTT AÐ GRÁTA



■ Íslandsferð Loru breyttist í martröð ■ Sambandið þoldi ekki álagið

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Ísland var síðasti staðurinn í heiminum þar sem ég hefði búið við því að glata öllum mínum verðmætum," segir hin kanadíska Lora Pope sem heimsótti Ísland ásamt kærasta og vinum í júní síðastliðnum. Þau urðu fyrir miklu áfalli í ferðinni þegar brotist var inn í íbúð sem þau höfðu leigt á vegum Airbnb og verðmætum eigum stolið. Lora segir „fallega ferð hafa breyst í martröð.“ Þá gengur hún svo langt að segja að atburðirnir á Íslandi hafi eyðilagt samband hennar við kærastann og vinina.

Lora hefur undanfarin misseri haldið úti vinsælli bloggsíðu þar sem hún segir frá ferðalögum sínum um heiminn. Hún segist hafa ferðast til fjölmargra landa þar sem glæpatíðni er há, eins og Hondúras, Indlands og Brasilíu. Á ferðalögunum hefur hún að eigin sögn alltaf verið með dýran ljós-

myndunarbúnað meðferðis, og aldrei verið rænd.

Hún segist því aldrei hafa átt von á því að það gæti gerst á Íslandi, sem ávallt vermir efsta sætið yfir öruggustu lönd í heimi: „Þangað til að kvöldi þrítugasta afmælisdagsins míns, þann 21. júní. Þá varð mín versta martröð að veruleika.“

Lora, þáverandi kærasti hennar og tveir af hennar bestu vinum ákváðu fyrr á árinu að heimsækja Ísland. Tilgangurinn var að fagna afmæli Loru og kíkja á tónlistarháttidina Secret Solstice. Lora og vinir hennar vinna öll sem ljósmyndarar. Hún segir fyrstu daga ferðarinnar hafa verið frábæra; hópurinn skoðaði sig um og áttu þau góðar stundir saman, en þau gistu í íbúð í Reykjavík sem þau fundu í gegnum Airbnb. Lora segir hverfið hafa litið út fyrir að vera öruggt, aðaldrýmar á húsinu hafi verið læstar og sömuleiðis dýrnar að íbúðinni þar sem þau gistu.

„Það hvarflaði ekki einu sinni að mér að einhver myndi

brjótask inn á meðan við værum í burtu," segir hún, en að kvöldi afmælisdags hennar fór hópurinn á tónlistarháttidina Secret Solstice í Laugardalnum í rúmlega 15 mínútna göngufjarlægð frá íbúðinni. Eftir vel heppnað kvöld sneri hópurinn heim.

Lora lýsir því sem fyrir augu þegar hópurinn kom til baka í íbúðina seinna um nóttina. Óprúttinn aðili eða aðilar höfðu þá farið inn í íbúðina, rífið farangur upp úr töskum og hent á víð og dreif í leit að verðmætum.

Lora segir upplifunina vera í móðu.

„Það var mikið grátið og mikið öskrað. Við hringdum á lögregluna sem kom strax," segir hún en hópurinn þurfti að gera lista yfir þá muni sem stolið hafði verið. Því miður voru þeir nokkuð margir. Þjófarnir höfðu meðal annars á brott með sér fartölvu Loru, Sonymyndavél og alls kyns aukabúnað og Gopro-myndavél.

Vinir Loru voru einnig með mikið af dýrum ljósmyndunarbúnaði



meðferðis og var honum öllum stolið; myndavélum, aukahlutum og fartölvum. Þá stálu þjófarnir lykklum að bílaleigubíl hópsins – og bílnum sömuleiðis.

Fann tölvuna í gegnum iCloud

Lora segist hafa verið stjörff fyrst um sinn og það hafi ekki verið fyrr en daginn eftir að hún áttaði sig á hvað hefði gerst. Hún segist hafa verið vongóð í fyrstu um að lögreglunni tækist að finna þýfið. Sjálfri tókst henni að hafa uppi á staðsetningunni á Macbook-tölvunni sinni í gegnum iCloud. Segist hún hafa látið lögregluna fá heimilisfangið en henni verið tjáð að það væri lítið hægt að styðjast við það. Bílaleigubíllinn fannst úti í vegarkanti og höfðu rúðurnar verið brotnar. Ekkert af þýfinu fannst í bílnum.

Lora segir að sem betur fer hafi bílaleigan ekki látið þau sitja uppi með tjónið á bílnum, og fengu þau nýjan bílaleigubíl afhentan þegar í stað. Það hafi verið mikill léttir.

„Við reyndum síðan að gera eins gott og við gátum úr því sem eftir var af ferðinni, en ég væri að ljúga ef ég segði að það hefði tekist. Það voru örfá góð augnablik, en það voru líka mörg slæm. Þetta var gífurlega streituvaldandi allt saman.

Ég hata að þeir sem frömdu þennan sjálfshælska verknáð hafi náð að eyðileggja það sem hefði getað orðið stórkostlegt ferð.“

Eyðilögð þegar heim var komið

En sögunni lýkur ekki hér. Lora segir að þessi atburður hafi haft víðtækar afleiðingar.

„Það versta við þetta allt saman, er að þetta hefur ennþá áhrif á líf mitt. Ég er ekki bara búin að missa allar mínar, eigur sem ég nota fyrir vinnuna.“

Lora segir að kærastinn hafi hætt með henni eftir þetta; sambandið þoldi ekki álagið og

streituna sem fylgdi þessu áfalli.

Ofan á allt hefur áfallið einnig höggvið stórt skarð í vináttu hennar og hinna ferðafélaganna. Lora segir að í augnablikinu talist þau ekki við.

„Núna er ég búin að missa frá mér mikilvægt bakland og mér finnst eins og ég sé hreinlega að drukna. Ég fer oftast grátandi í gegnum daginn," segir hún enn fremur og bætir við að það eina sem huggi hana í þessum aðstæðum sé að hugsa til þess að hún hafi áður gengið í gegnum erfitt tímabil, þar sem hún missti föður sinn úr krabbameini og tókst á við erfið sambandsllit.

„Ég lifði það af. Og ég get lifað þetta af," segir Lora en hún kveðst ekki vera að sækjast eftir vorkunn vegna aðstæðna sinna.

„Ég gæti eflaust skrifað blogg-færsluna „10 hlutir til að gera á Íslandi“ en það er ekki efst í huga mér akkúrat núna. Ég er svekkt yfir að hafa tapað eigum mínum vegna þess að það hamlar mér í vinnunni. En ég er margfalt svekktari yfir því að þessi hræðilegi atburður átti sér stað og það var ekkert sem við gátum gert til að afstýra því. Og nú er það búið að hafa áhrif á samband mitt við fólkið í kringum mig. Mér finnst ég vera alen í heiminum. Ég veit ekki hvað ég á að gera við sjálfa mig. Ég get ekki hætt að gráta.“

Lora brýnir fyrir fólki að tryggja sig á ferðalögum, og læra af hennar mistökum. Hún er sjálf ekki með ferðatryggingu. Hún er með heilbrigðistryggingu á vegum vinnuveitanda og VISA, en tryggingin nær ekki yfir persónulegar eigur. Hún segist yfirleitt alltaf hafa tryggt sig á ferðalögum erlendis, en freistast þess að sleppa því fyrir Íslandsferðina, þar sem hún taldi fullvíst að Ísland væri öruggt land.

„En þetta sýnir bara að glæpir geta átt sér stað hvar sem er.“ ■

20% afsláttur af öllum Nomad hundabúrum



gæludýr.is



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.

1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

Engin skimun er 100 prósent næm

■ Fanney Eiríksdóttir greindist með 4. stigs krabbamein þrátt fyrir að hafa ávallt verið undir eftirliti

Auður Ösp Guðmundsdóttir
auður@dv.is



Ástin mín hún Fanney er sem sagt komin með leghálskrabbamein og virðist sem þær frumbreytingar sem átt hafa sér stað undanfarin ár hafi algerlega yfirsétt læknum í þeim stökum og öðrum skoðunum sem hún hefur mjög reglulega og samvissusamlega farið í.

Þetta skrifaði Ragnar Snær Njálsson í átakanlegri færslu á Facebook í ágúst á seinasta ári. Eiginkona hans, Fanney Eiríksdóttir, lést þann 6. júlí síðastliðinn eftir tæplega árs langa baráttu við illvígt leghálskrabbamein.

Það vakti athygli að Fanney skyldi greinast með leghálskrabbamein á háu stigi þrátt fyrir að hafa farið reglulega í krabbameinsskoðun. En tilfelli Fanneyjar er þó ekki einsdæmi.

Konur á aldrinum 23–65 ára eru hvattar til að fara í leghálskrabbameinsleit á þriggja ára fresti en hér á landi hefur skipulögð leit að leghálskrabbameini dregið úr nýgengi um 70 prósent og dánartíðni um 90 prósent frá því leit hófst árið 1964.

Yfirlæknir hjá Krabbameinsfélagi Íslands bendir á í samtali við DV að engin skimun sé þó 100 prósent næm. Ekki eru til sú tegund skimunar þar sem öll tilfelli greinast og því eigi aldrei gera ráð fyrir 100 prósent árangri.

Með æxli á stærð við handbolta

Fanney var komin 21 viku á leið með sitt annað barn þegar hún fékk þær fréttir að hún væri með leghálskrabbamein á háu stigi. Baráttu Fanneyjar vakti þjóðarathygli en þau hjónin töluðu opinskátt um veikindi hennar meðan á þeim stóð.

Hjónin fóru meðal annars í viðtal í þættinum Ísland í dag, þar sem fram kom að þegar Fanney var komin rúmlega 20 vikur á leið fór að blæða lítillega. Hún gekkst undir rannsóknir þar sem tekið var sýni úr leghálsinum. Læknar höfðu þó ekki áhyggjur; Fanney hafði alltaf farið samvissusamlega í allar skoðanir.

„Þeir sögðu: „Þú hefur aldrei verið með neinar frumbreytingar og það tekur frumu-

breytingar 10–15 ár að verða að krabbameini“ sagði Fanney í viðtalinu.

Annað kom þó á daginn og Fanney reyndist vera með æxli á stærð við handbolta í leghálsinum.

Þegar Fanneyju var tjáð að hún væri með leghálskrabbamein var henni jafnframt sagt að meinið væri það langt gengið að það væri ekki lengur skurdækt og því þyrfti því að hefja lyfjameðferð hið snarasta.

Hjónin völdu hins vegar að bíða með alla meðferð þar til litli drengurinn væri kominn í heiminn. Nokkrum mánuðum síðar var sonur þeirra tekinn með keisaraskurði. Fanney gekkst í kjölfarið undir stífa lyfja- og geislameðferð og nokkrum vikum síðar var þeim hjónum sagt að allt liti vel út og æxlið sæist varla lengur.

Gleðin var hins vegar skammvinn. Stuttu síðar fór Fanney í jáeindaskanna og kom þá í ljós að meinið hafði dreift sér. Fanney var komin með meinvörp á nokkrum stöðum í lungum, bak við hjartað, í beinum og víðar. Krabbameinið var komið á fjórða stig. Að lokum tóku hjónin þá ákvörðun að hætta hefðbundinni meðferð og einbeita sér að því að gera dagana bærilega hjá Fanneyju. Hún lést sem fyrr segir þann 7. júlí síðastliðinn.

Fór fjórum sinnum til læknis

„Ég var frekar bitur lengi, af því að það tók svo langan tíma að fá almennilega skoðun og greiningu,“ segir Steinunn Steinarsdóttir í samtali við DV. Hún greindist með leghálskrabbamein í september 2010. Hún hafði ávallt sinnt kallinu og mætt í krabbameinsskoðun þegar hún fékk boð um slíkt. Þegar hún fór í slíka skoðun í janúar 2010 reyndist sýnið hreint.

Steinunn greindist engu að síður með krabbamein í september sama ár, eftir að hafa fjórum sinnum leitað til kvensjúkdómalæknis. Krabbameinið reyndist þá svo langt gengið að það þyrfti að fjarlægja bæði legháls og leg.

„Ég held að þetta hafi gerst óvenju hratt hjá mér, það er að segja, æxlisvöxturinn, það er víst ekki algengt að þessi leghálskrabbamein ágerist svona hratt. Ég hafði samt aldrei heyrt um það. Ég hafði heyrt um frumbreytingar sem væri fylgst með milli ára og keilu-



Fanney og sonur hennar Erik Fjalár.



skurði svo ég hélt að ég væri nokkuð örugg ef ég færi reglulega í tékk. Ég sá svo sjálf hvað þetta gerðist snögg þegar það fór að vaxa æxli í örnu eftir leg- og leghálsnámið og það endaði með annarri skurðaðgerð og lyfja- og geislameðferð.“

Steinunn hefur verið krabbameinslaus síðan hún lauk meðferðinni árið 2011.

„Ég heyrði síðar hjá lækni að það hefðu sést einhverjar frumbreytingar í krabbameinsskoðuninni sem ég fór í áður en þetta gerðist allt, en ég var aldrei látin vita af því. Kannski voru þær ekki það miklar að það væri álitnið hættulegt, enda

ganga þær oft til baka án þess að nokkuð sé gert og þróunin líka oftast hæg. Sem betur fer er það oftast þannig og annars hægt að grípa inn í hjá flestum,“ segir Steinunn um leið og hún hvetur konur til að mæta reglulega í krabbameinsskoðun, en þó ekki treysta alfarið á hana. Mikilvægt sé að fara til læknis sem viðkomandi treystir.

Orgaði af sársauka

Árið 2013 kom út heimildamyndin Ég gafst aldrei upp. Þar var sögd saga Heiðu Dísar Einarsdóttur sem greindist með leghálskrabbamein árið 2010. Hún lést tveimur árum síðar, þá aðeins 23 ára að aldri.

Í myndinni var Heiða Dís fylgt eftir síðustu mánuðina í lífi hennar.

Einar Hólm Jónsson, faðir Heiðu, ræddi um baráttu dóttur sinnar í Stundinni á sínum tíma. Fram kom að áður en Heiða Dís greindist með krabbamein hefði hún reglulega farið í leghálskrabbameinsleit eins og konum er ráðlagt að gera. En síðan fór Heiða Dís að finna fyrir miklum tíðablæðingum. Hún leitaði til fjölmargra lækna en fékk ávallt þau svör að þetta væri eðlilegt: það væri einfaldlega mismunandi hvað konur hefðu miklar blæðingar.



Fanney og Ragnar: Fanney bardist hetjulega við meinið allt til enda.

Einn morguninn vaknaði Heiða og hafði þá misst svo mikið blóð að hún féll í yfirlíð. Í kjölfarið var hún flutt á bráðadeild. Hún reyndist vera með leghálskrabbamein á öðru stigi.

„Heiða fór í rannsóknir og kom í ljós 23. febrúar 2010 að hún væri með leghálskrabbamein, í henni fannst sex sentimetra stórt æxli. Heiða fór í kjölfarið í nokkurra mánaða lyfja- og geislameðferðir,“ sagði Einar í viðtalinu. Um tíma var talið að Heiða hefði sigrast á meininu en í september 2011 kom í ljós að krabbameinið hafði dreift sér víðar um líkamann. Heiðu var sagt að hún ætti aðeins eitt ár eftir ólífað. Hún lést þann 12. september 2012.

Í viðtalinu kom fram að Heiða Dís vildi vekja athygli stúlkna og kvenna á nauðsyn þess að fara reglulega í leghálskrabbameinsleit.

„Hún ætlaði að reyna að vera fyrirmynd annarra og benda stúlkum og konum á nauðsyn þess að fara í skoðun,“ sagði Einar og bætti við á öðrum stað: „Þeim finnst það kannski ekki vera spennandi, en þær ættu að sjá myndband af Heiðu þar sem hún orgar af sársauka. Það er svo augljóst hvað þær þurfa að gera. Ég held að þær átti sig ekki á þessu. Þetta voru þvilkar erfiðar stundir oft og tíðum. Það þarf að ræða um þessi mál miklu meira í þjóðfélaginu.“

Mæting hefur minnkað

Leghálsskrabbamein er á heimsvísu annað algengasta krabbamein hjá konum.

Með reglulegri mætingu í leghálsskrabbameinsleit er hægt að greina frumubreytingar og fyrirbyggja þróun forstigsbreytinga í leghálsskrabbamein. Ef sjúkdómurinn er langt genginn þarf oftast að fjarlægja legið. Þá er meiri hættu á að hann hafi dreift sér til nálæggra líffæra og eitla. eru þá minni líkur á lækningu, en ef hann greinist á forstigi

Hættan á myndun leghálsskrabbameins virðist hafa aukist á ný síðustu áratugum í hinum vestræna heimi, einkum hjá ungum konum. Þessi þróun virðist tengjast breyttum lífshátt-



Úr heimildamyndinni Ég gafst aldrei upp.



Heiða Dís. Skjáskot af vef Youtube

um þeirra. Rætt hefur verið um að bólusetning ungra stúlkna gegn leghálsskrabbameini, geti hugsanlega skapað falska öryggiskennd sem getur leitt til þess að mæting versni enn meir.

Á árunum 2012–2016 greindust að meðaltali 16 tilfelli af leghálsskrabbameini hér á landi og að meðaltali dóu þrjár konur á ári á þessu tímabili. Um 45 prósent kvenna með leghálsskrabbamein eru undir 35 ára aldri.

Á undanförunum árum hefur heldur dregið úr þátttöku kvenna hér á landi í skimun fyrir krabbameinum og er hún minni en á hinum Norðurlöndunum.



Ágúst Ingi Ágústsson yfirlæknir hjá Krabbameinsfélagi Íslands. Ljósmynd/Skjáskot af vef Vísis.

Engin skimun er 100 prósent næm

„Ef skoðað er fræðsluefni á heimasíðu KÍ þá kemur ávallt skýrt fram að reglubundin skimun fækki tilfellum um 90 prósent. Það er gríðarlega góður árangur, mun betri en með nokkurri annarri krabbameinsskimun – en samt næst ekki 100 prósent árangur,“ segir Ágúst Ingi Ágústsson, yfirlæknir hjá Krabbameinsfélagi Íslands, í samtali við DV. *Hvað veldur því að leghálsskrabbamein greinist ekki hjá konum þrátt fyrir reglubundið eftirlit?*

„Ástæðurnar fyrir því geta verið misjafnar. Það getur falist í gæðum sýnanna sem tekin eru. Sýnin geta verið hreinlega léleg að gæðum, hvort sem um er að ræða tæknileg atriði í vinnslu sýnanna eða atriði sem snúa að sýnatökunni sjálfri, það er að segja þeim sem tekur sýnið.“

Aðrar skýringar geta verið að æxlið vaxi innan í leghálsinum eða það ofarlega að áhaldið sem notað er komist hreinlega ekki í snertingu við hinar illkynja eða breyttu frumur.

Að lokum er ekki hægt að útiloka möguleikann á að þeim sem skoðar sýnið í smásjá geti yfirsést að um frumubreytingar er að ræða. Þetta síðastnefnda er auðvitað alvarlegt og þess vegna koma rannsóknastofur upp hjá sér verkferlum til þess að tryggja að slíkt gerist ekki.

Algengt er til dæmis að „skimarar“, þeir sem skoða sýnin í smásjá, skoði ákveðið hlutfall sýna hjá hver öðr-

um og þá eru sýnin valin af handahófi. Á rannsóknastofu KÍ er unnið eftir slíkra gæðastjórnun en einnig höfum við komið okkur upp hálsjálfrökum úrlestri sem þýðir að tölva les úr öllum sýnum auk skimaranna sjálfra. Þetta tryggir enn frekar að við missum síður af frumubreytingum.

Hversu algengt er að leghálsskrabbamein greinist þrátt fyrir að engar frumubreytingar hafi fundist?

„Til eru rannsóknir sem sýna að krabbamein sé til staðar í 50 til 60 sýnum af 100.000 sem metin hafa verið eðlileg. Á Íslandi myndi þetta þýða átta tilfelli á ári en það er mjög langur vegur frá því – hér greinist eitt tilfelli á um það bil þriggja ára fresti þar sem skimunin hafði verið eðlileg. Ég leyfi mér því að fullyrða að hér sé staðið að skimuninni eins og best gerist með þeirri undantekningu að við vildum gjarnan að þátttakan í skimuninni væri betri. En einnig hér er ánægjulegt að geta sagt frá því að það hafa komið 16 prósent fleiri konur í skimun á þessu ári samanborið við sama tíma í fyrra. Slíka aukningu höfum við ekki séð mjög lengi. Það er mikilvægt þó að túlka það ekki sem svo að þátttaka í skimun hafi aukist um 16 prósent, hér er aðeins átt við aukningu í fjölda tekinna sýna, en það þýðir einhvers staðar á bilinu 5–10 prósent aukning í heildarþátttöku. Það er engu að síður mjög góður árangur.“ ■



ET VERSLUN:

Vinnuljós og öll ljós á bíla

ET Verslun, Klettagörðum 11, er á meðal leiðandi aðila í sölu á ljósabúnaði fyrir ökutæki og vinnuvélar, þar á meðal eru ljóskastarar, vinnuljós og afturljós. Eigendur breyttra jeppa, vinnuvéla og vörubíla eru á meðal helstu viðskiptavina verslunarinnar sem sér þeim fyrir öllum þeim ljósum sem þá vanhagar um og kappkostar að selja gæðaljós undir þekktum merkjum á sanngjörnu verði.

ET Verslun selur framljós, afturljós, hliðarljós, vinnuljós og ljóskastara. Meðal merkja eru bandarísku Rigid-ljósín sem slegið hafa í gegn á Íslandi fyrir frábæra endingu. Einnig má nefna sænska merkið LEDSON sem sérhæfir sig í framleiðslu á díóðuljósum, meðal annars díóðuljóskösturum, vinnuljósum og þerum. Vinsælasti kastarinn í dag kallast Pollox og kemur einmitt frá LEDSON, um er að ræða 9" díóðu(LED)-kastara sem lýsir upp endurskinið á vegstikum í 850 metra fjarlægð.

Nær allir breyttir jeppar eru með aukaljós og eigendur slíkra ökutækja ganga að góðu úrvali og

framúrskarandi gæðum í ET Verslun, hvort sem um ræðir kastara, vinnuljós, bakkljós eða innljós. ET Verslun er þekkt fyrir góða þjónustu við jeppaeigendur og var nýlega með bás á jeppasýningu Ferðaklúbbsins 4X4.

Jafnframt er ljósaúrvalið hjá ET Verslun ekki síðra þegar kemur að hliðarljósum og afturljósum sem eru fánæg í mörgum stærðum og gerðum.

ET Verslun hefur verið starfandi í yfir 26 ár og hefur því mikla reynslu af þjónustu við bileigendur og eigendur annarra ökutækja, til dæmis vinnuvéla. Fyrir utan ljósaúrvalið er verslunin framarlega í framboði á vagnavarahlutum, vökvabúnaði og mörgu öðru. Ávallt kappkostar ET Verslun að koma fram með nýjungar sem gagnast eigendum ökutækja vel.

Sem fyrr segir er verslunin til húsa að Klettagörðum 11. Opíð er virka daga frá kl. 8 til 18 og laugardaga frá 10 til 14. Sjá nánar á et.is undir Verslun og á Facebook-síðunni ET Verslun.



et
EHF.

VERSLUN



**FRÁBÆRT ÚRVAL DÍÓÐU
(LED)VÖRUBÍLA OG
KERRULJÓSA Á GÓÐU VERÐI**





Suðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjóri: 512 7010

Sandkorn



Klaustursfokk

Forsætisnefnd Alþingis hefur kveðið upp sinn úrskurd. Tveir þingmannanna sex sem sátu að sumbli á Klaustri bar í haust gerðust brotlegir við siðareglur Alþingis. Miðað við þá þingmenn sem hafa hér með gerst brotlegir við siðareglur, og þá þingmenn sem ekki eru taldir hafa brotið reglurnar, má draga eftirfarandi ályktanir: 1) Það er brot að segja að rökstuddur grunur sé á að þingmaður hafi gerst sekur um brot 2) Það er brot að tala með niðrandi hætti um konur 3) Það er ekki brot að tala með niðrandi hætti um fatlaða einstaklinga 4) Það er ekki brot að hreyfa engum mótbárum við þegar maður verður vitni að brotum annarra þingmanna á siðareglum. Þetta verða seint kallaðar kýrskýrar ályktanir, og siðaregluverkið jafn dularfullt og fyrri daginn. Það má ekki tala niðrandi um konur, en ef konan er fötluð þá má það? Það er brot að segja rökstuddan grun um að þingmaður hafi misfarið með almannafé, en það er ekki brot að taka þátt í siðareglubrotum annarra? Niðurstaða forsætisnefndar er bara nýjasta innslagið í Klaustursfokkið sem virðist engan endi ætla að taka og engar afleiðingar hafa fyrir hlutadeigandi.



Vantraustsyfirlýsing frá Seðlabankanum

Seðlabanki Íslands hefur stefnt blaðamanni Fréttablaðsins til að hindra aðgang hans að upplýsingum um samning sem Már Guðmundsson seðlabankastjóri gerði við starfsmann bankans. Fyrst var óskað eftir upplýsingum í haust, en Sí neitaði að veita þær. Þá leitaði blaðamaður til úrskurðarnefndar um upplýsingamála, sem átta mánuðum síðar úrskurðaði að Sí bæri að veita upplýsingarnar. Ljóst er að Seðlabankinn unni þeim úrskurði ekki. Með framlagningu stefnu hefur Seðlabanki Íslands því lýst yfir vantrausti á hæfi úrskurðarnefndarinnar til að túlka upplýsingalög. Auk þess er á mælisvert að átta mánuðir hafi líðið þar til úrskurðarnefndin kvað upp úrskurðinn. Réttur fjölmiðla og almennings til upplýsinga frá stjórnvöldum á að tryggja gagnsæi og auka traust. Þessi réttur veikist mikið ef stjórnvald getur tafið málið með neitun einni saman. Auk þess er það í engu samræmi við málshraðareglu stjórnsýsluréttar.



... inní tjaldi.
Við gerum því skóna að allir gangi hægt um gleðinnar dyr um helgina.
Mynd: Eyþór Arnason

Allt fór vel fram

Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



„Allt fór vel fram. Svona fyrir utan þessar níu nauðganir. Samt fór allt vel fram

Ég ber blendnar tilfinningar til verslunarmannahelgarinnar í seinni tíð. Ég nenni ekki að þvæla börnunum mínum þvert yfir landið til þess eins að gista í tjaldi sem hugsanlega fýkur út í veður og vind. Bíða í röð eftir að komast á missnyrtilega kamra á tjaldsvæði. Borga morðfjár fyrir mat því nestið gleymdist úti í rigningunni. Vakna í þvölu og illa lyktandi tjaldi því ég hef ekki efni á betri íverustað. Ætli þetta sé ekki aldurinn að segja til sín? Því er ég fegin að ég nenni að leggja þetta á mig, með glöðu geði, á yngri árum.

Eins og þegar ég fór í fyrsta sinn sem „fullorðin“ á Þjóðhátíð í Eyjum. Það var árið 1999. Ég verð að játa að minnið er glöppótt. Þó

ekki út af aldrinum heldur frekar vegna óhóflegrar áfengisneyslu. Það sem ég man er hins vegar allt gott. Móðir mín heilsteikti kjúkling fyrir mig áður en ég hélt í Herjólf svo ég myndi ekki eingöngu lifa á brennivíni. Ég var mjög þakklát fyrir það þegar ég vaknaði í gegnblautu tjaldinu á laugardagsmorgni. Skolaði kjúklingnum niður með hlandvolgu Bailey's því ég átti ekki kókómjólk. Svo borgaði ég 5.000 kall fyrir tvær pítsusneiðar á Pizza 67. Hitti síðan kunningjakonu á sunnudagskvöldið. Þá var ég búin með áfengið en hún átti flösku af Absolut Citron vodka. Hvorug áttum við bland. Þannig að vodkinn var drukkinn

„dry“. Ég gat ekki drukkið sóðavatn með sítrónubragði í áratug á eftir. Djöfulli var gaman.

Næstu árin fylgdu fleiri útihátíðir. Galtalækur, Eldborg, Flúðir svo eitthvað sé nefnt. Alltaf var svo gaman. Einbeittur vilji til að flippa, hlæja, fíflast, drekka, syngja, brosa og dansa – alveg sama hvernig viðraði.

Ég er ein af þeim heppnu. Að geta rifjað upp allar þessar æðislegu stundir sem ég átti sem ungmennti um verslunarmannahelgi. En ég man líka eftir sjokkinu eftir hverja einustu hátíð við að heyrta af öllu því sem var að gerast í kringum mig, sem var ekki jafn æðislegt. Hrottalegir, ofbeldisfullir, niðrandi og ógeðslegir atburðir gerðust – jafnvel bara í næsta tjaldi við mig – á meðan ég flippaði, hló, fíflaðist, drakk, söng, brosti og dansaði.

Það hefur verið lenskan að gera þessi atvik minni en þau eru.

Fegra aðstæður. Til að skemma ekki gamanið fyrir fólki eins og mér. Allt fór vel fram. Svona fyrir utan þessar níu nauðganir. Samt fór allt vel fram.

Og nú er hún komin enn á ný, þessi verslunarmannahelgi. Sem á að vera skemmtileg. Það á að vera gaman. Maður á að geta ruglað og bullað og drukkið (eða ekki) og djammað hvort sem maður er í tjaldi eða hjólhýsi, pollagalla eða pinnahælum, einn á vappi eða öskrandi úr sér lungun í fjölda-söng.

Ég ætla ekki að biðja ykkur, kærur lesendur, að ganga hægt inn um gleðinnar dyr. Gangið ofsalega hratt inn um þessar gleðidyr og skemmtið ykkur stórkostlega vel, hvar sem þið eruð. Við ykkur hin, sem ætlið eingöngu að mæta til að meidda, særa, úthúða, lemja og niðurlægja, vil ég einfaldlega segja: Þið megið bara endilega fokka ykkur.

Spurning vikunnar

Hvað ætla þú að gera um helgina?



„Ég verð að vinna alla helgina. Ég vinn á hestaleigu og þetta verður skemmtileg helgi.“

Ylfa Eir



„Ég fer til Eyja, við ætlum að tjalda í garði í heimahúsi og vera léttir á því.“

Ólafur Óskar




„Við förum á Þjóðhátíð og komum vonandi heim á mánudag, en eigum að vísu enga miða heim.“

Kara og Tanja



„Við erum nýkomin úr ferðalagi svo við höfum það bara notalegt í bænum.“

Valborg



PARKETSLÍPUN MEISTARANS:

Ástríða, þekking og reynsla

Bestu fagmennirnir eru þeir sem hafa ástríðu fyrir sínu fagi. Parketslípun Meistarans er fyrirtæki sem rekið er af ástríðu fyrir því að skila framúrskarandi vinnu á sínu sviði og standa undir tilkomu-miklu nafni fyrirtækisins. Parketslípun Meistarans sérhæfir sig í parketslípun, parketlögnum, sólpallasmiði og ýmsum öðrum skyldum verkefnum, fyrir einstaklinga jafnt sem fyrirtæki. Einnig býður fyrirtækið upp á alhliða málningapjónustu sem og flisalagningu á gólfi og veggjum.

Vanda til verka

Fáir, ef nokkrir, hafa lagt og slípað parket jafn víða og Parketslípun Meistarans en parketlög og parketslípun er handverk sem krefst mikillar og stöðugar þjálfunar. Leggur fyrirtækið sig fram um að þjálfa og mennta sitt starfsfólk vel til þessara vandasömu verka.

Aðeins það besta á markaðnum

Fyrirtækið tekur einnig að sér alla almenna smíðavinnu, þar á meðal smíði sólpalla, uppsetningu hurða, uppsetningu á eldhúsinnréttingum, sem og alla sérsmiði. Gott lakk er afar mikilvægt og Parketslípun Meistarans notast aðeins við það besta á markaðnum, einnig hvað varðar parketefnið sjálft en fyrirtækið er með framúrskarandi parketvörur frá Bona og Junckers. Einnig býður

fyrirtækið þetta góða parketefni til sölu á hagstæðu verði.

Fyrsta flokks tækjabúnaður


Parketslípun Meistarans hefur yfir að ráða fyrsta flokks tækjabúnaði, meðal annars beltavél, kantslípivél, hornavél, juðara, bónvél og öfluga sérhæfða ryksugu. Þessi tæki eru einnig boðin til útleigu á hagstæðu verði.

Pallasmiði

Nú nýlega fjárfesti fyrirtækið í nýrri beltagröfu fyrir ýmsa jarðvegsvinnu eins og til þess að grafa styrkan grunn fyrir sólpalla. Þá hefur fyrirtækið yfir að ráða traustum vörubíl sem flytur efni til pallagerðar og fleira.

Parketslípun Meistarans ábyrgist vandaða vinnu við öll sin verkefni en veitir viðskiptavinum jafnframt gjaldfrjálsa ráðgjöf t.d. um frágang sem og val á parketi, flisum og málningu. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni parketslipunmeistarans.is og á Facebook-síðunni: **Parketslípun Meistarans**.

Einnig er gott að hafa samband við Adam í síma **762 5668** eða senda fyrirspurn á netfangið **parketslipun@parketslipunmeistarans.is** hvort sem þú óskar eftir þjónustu, ráðgjöf, tækjaleigu eða kaupum á parketvörum.



Alexandra Arndísardóttir Sadiku. Mynd: Eyþór/DV

„Barnavernd lofaði að hjálpa mér í andlegum veikindum. En ég fékk aldrei hjálpina“

Harmsaga Alexöndru

■ Sér eftir að hafa afsalað sér forræði yfir sonum sínum ■ „Ég mun aldrei fyrirgefa sjálfri mér“

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Alexandra Arndísardóttir Sadiku er 25 ára tveggja barna móðir sem býr á Akranesi. Við báðum Alexöndru um að lýsa sjálfri sér og segist hún telja sig mjög hressa og skemmtilega, og hún elski athygli.

„Ég er ákveðin og frek og læt engan segja mér hvað ég á eða á ekki að gera. En ég er með mjög lítið hjarta,“ segir hún.

Sögu Alexöndru mætti lýsa sem harmsögu. Hún var lögð í mikil einelti sem barn vegna þyngdar sinnar. Þegar hún var unglingur tók kennari við keflinu og tók hana reglulega úr tíma til að leggja henni línurnar um hvernig hún ætti að verða „heilbrigðari.“ Fósturheimili og BUGL lituðu unglingsár Alexöndru og í hvert skipti sem henni leið illa, þá borðaði hún.

Alexandra glímdi við mikið meðgöngubunglyndi og það versnaði eftir að hún eignaðist son sinn. Fyrstu átján mánuði af lífi hans var ekki hægt að greina kyn hans, en hann fæddist með litningagalla. Eftir að hafa eignast annað barn tók hún erfiða ákvörðun og afsalaði sér forræði yfir drengjunum. Sjálfsvígstraunir í kjölfar fæðingarbunglyndis, innlagnir á geðdeild, þátttaka í Biggest Loser og mikil vanlíðan tók við næstu ár. Hún hataði sjálfa sig og hvernig hún leit út. Henni fannst hún einskis virði.

Það var ekki fyrr en Alexandra ákvað að elska sig sjálfa, alveg eins og hún er, að henni byrjaði að líða betur. Í kjölfarið fór hún að hreyfa sig og borða minna, en hún segir jákvæða líkamsmynd vera lykillinn að öllu hjá sér.

Alltaf verið stór

„Ég hef verið stór og þétt frá því að

ég man eftir mér, eða réttara sagt frá og með fæðingu. Þegar ég var fimm ára var ég rúm 38 kíló og það fór versnandi með árunum,“ segir Alexandra.

„Ég greindist með mjög vanvirkan skjaldkirtil þegar ég var barn. Ég hef verið á lyfjum við því frá þeim degi. En svo fannst mér svo gott að borða. Ég borðaði þegar mér leið vel en ég borðaði sérstaklega mikið þegar mér leið illa. Ég borðaði þó að ég væri ekki svöng og alltaf borðaði ég það mikið að mig langaði að kasta upp í lokin því það var ekki meira pláss í maganum. En það stoppaði mig ekki,“ segir Alexandra og heldur áfram.

„Ég borðaði einnig vegna þess að ég var með rosalegan mótþróa. Alltaf þegar fólk nefndi það hvernig ég leit út eða að ég væri að borða of mikið, þá varð ég að borða meira, bara til að pirra fólk í kringum mig. Þegar mamma



Alexandra sem barn. Mynd: Úr einkasafni

spurði: „er þetta ekki komið nóg?“ fékk ég mér annan disk því ég þoli ekki þegar fólk reynir að stjórna mér.“

Lögð í einelti

Alexandra var lögð í einelti í grunnskóla vegna þyngdar sinnar. „Ég var lögð í einelti í 1.-5. bekkjar af eldri krökkunum því ég var feit. Ég hætti að mæta í skólann alla mánudaga og föstudaga til að stytta vikuna. Ég lét mig oft hverfa úr skólanum því mér leið svo illa. En ég get ekki sagt að ég hafi ekki átt vini. Ég hef alltaf verið mjög opin og fljót að kynna nýju fólk, svo ég hef aldrei verið vinalaus, sem betur fer,“ segir Alexandra.

Hún segir að þótt hún hafi verið vinmörg í grunnskóla hafi eineltið haft mikil áhrif.

„Eineltið lét mér líða illa, borða meira og gera hluti sem ég sé eftir. Ég til dæmis stríddi annarri stelpu sem var í nákvæmlega sömu sporum og ég því mér fannst ég þurfa að sýna mig fyrir stóru krökkunum,“ segir Alexandra.

Kennari tók við keflinu

Alexandra fór í annan skóla eftir 5. bekk og eignaðist þar marga vini sem henni þykir enn mjög vænt um í dag. En því miður hætti eineltið ekki þar. Kennari tók Alexöndru fyrir.

„Í skólanum var einn kennari sem gat ekki látið mig í friði vegna stærðar minnar. Hún átti það til að taka mig úr tímum til að fara inn á skrifstofu og búa til „boost“ fyrir mig eða draga mig út í búð og kenna mér að kaupa hollan mat. Þarna var ég í sirka sjöunda

bekk. Hún skóf ekkert utan af því hvernig ég leit út og hvað henni fannst um það. Hún nefndi það í tíma og ótíma hvað væri best fyrir mig að gera,“ segir Alexandra.

„Það fyndna við þetta er að þessi kona var frekar þétt sjálf og hefur enn ekkert gert í þeim málum, þótt það komi mér lítið við, en mér þótti það frekar súrt. En ég lét líka í mér heyra þegar hún var búin að fjarlægja mig úr tímum nokkuð oft, en það endaði með að ég var rekin úr þeim skóla og fór aftur í minn gamla.“

Þegar þangað var komið var Alexandra byrjuð að sýna mikla áhættuhegðun. „Ég var farin að hanga með eldra fólk, stinga af, byrjuð að reykja og drekka, stunda kynlíf og haga mér mjög illa. Ég endaði á fósturheimili fyrir vestan sem var mjög fint og mér leið ágætlega. En vanlíðanin var mjög mikil og ég stakk aftur af.“

„Eineltið lét mér líða illa, borða meira og gera hluti sem ég sé eftir“

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Allir út að hjóla
með **TUDOR**



Hraðþjónusta
Við mælum rafgeyma og skiptum um

Eitt mesta úrval
landsins í allar gerðir faratækja

Bíldshöfði 12 - skorri.is - 5771515

Ég margoft skaðaði sjálfa mig með alls konar tækjum og tólum

Byrjaði í neyslu

Alexandra flutti frá Akranesi í Árbæinn. Fljótlega fór hún að byrja að stela og fíkta við fíkniefni. „Ég mætti aldrei í skólann, vaknaði bara snemma á morgnana svo mamma myndi halda að ég væri á leið í skólann, en ég fór alltaf niður á Hlemm eða upp í Kringlu að hitta þar krakka sem mættu heldur ekki í skólann. Mamma vissi það ekki fyrr en skólastjórinn hringdi tveimur mánuðum seinna og lét hana vita að ég hefði ekkert mætt í skólann,“ segir Alexandra.

Alexandra var þá send á Hraunberg, vistheimili fyrir börn. Hún byrjaði að borða meira og brjótast inn. Næst var hún send til Neskaupstaðar í fóstur í tíu mánuði og sá tími var mjög erfiður tími fyrir hana.

„Ég var farin að stela mat úti um allt á heimilinu þannig það voru settir lásar á ísskápinn, alla skápa sem eitthvað matarkyns var inni í og öllum herbergjum læst,“ segir Alexandra.

Á þessum tíma lærði Alexandra hverjir hennar raunverulegu vinir væru og hjálpaði það henni að verða edrú.

Fór þrisvar inn á BUGL

Alexandra var lögð þrisvar sinnum inn á BUGL (barna- og unglingageðdeild) vegna andlegrar vanlíðunar.

„Ég skaðaði sjálfa mig margoft með alls konar tækjum og tólum vegna þess að mér leið illa vegna útlits míns og ég skammaðist mín svo rosalega. Ég þorði ekki að gera neitt nýtt því þyngdin stoppaði mig í einu og öllu,“ segir Alexandra.

Fann föður sinn

Mikilvæg tímamót áttu sér stað í lífi Alexöndru rétt fyrir jólin 2010.

„Ég fann loksins pabba minn eftir ævilanga leit. Mér fannst ég hafa fundið púsl sem vantaði í púsluspilið. Pabbi minn býr í Svíþjóð og ég fór þangað að hitta hann sumarið 2011,“ segir Alexandra. Faðir hennar er frá Kósóvó.

„Við fórum í langt ferðalag og ég sá margt út í Kósóvó. Einnig ferðumst við mikið um Albaníu, sem mér þótti æðislegt. En í dag er ég í litlu sambandi við pabba og hans fjölskyldu, þótt ég viti varla ástæðuna.“

Erfið meðganga

Árið 2013 fór Alexandra út sem au-pair til Manchester. Hún var þar í rúman mánuð og varð ólétt. Þegar hún kom aftur heim áttaði hún sig á því að hún væri með rosalegt meðgöngupunglyndi, sem hún segir hafa komið vegna lífsreynslu hennar og áfalla.

„Ég fór í alls konar meðferðir og læknisheimsóknir sem gerðu lítið sem ekkert fyrir mig,“ segir Alexandra.

„Þegar ég fékk síðan barnið í hendurnar kom upp hugsun, sem ég sé mikið eftir í dag, en ég hugsaði: „hver ætlar að taka þetta barn með sér heim, ég vil það ekki.“ En fyrsta spurningin sem ég spurði var hvaða kyn barnið væri. Það var engin leið að sjá það þar sem það fæddist með litningagalla sem greindist ekki fyrr en fimm dögum seinna, eftir margar rannsóknir og DNA-próf. Hann fæddist með XO-litning þannig það var ekki staðfest 100 prósent af hvoru kyni hann var fyrr en hann varð 18 mánaða,“ segir Alexandra.



Alexandra Arndísardóttir Sadiku. Mynd: Eyþór/DV

Mikið fæðingarpunglyndi

Á þessum tíma borðaði Alexandra meira en áður. „Mér leið ógeðslega. Fæðingarpunglyndið var svakalegt og ég endaði nokkrum sinnum inni á geðdeild vegna sjálfsvígstílauna. Á geðdeild var ég greind með BPD, áfallastreituröskun, þunglyndi (level max), kvíðaröskun og fékk einhverjar fleiri greiningar sem ég nenni ekki að telja upp,“ segir Alexandra.

„Ég átti að fá áfallahjálp og tíma hjá geðlækni eftir að ég átti strákinn minn, en ég fékk það aldrei. Ég reyndi að ná sambandi við áfallateymið á Landspítalanum, geðlækni á geðdeild Landspítalans og allt það batterí, í eitt og hálf ár en fékk aldrei nein svör

svo ég gafst upp. Eftir að allt gekk sem verst þá sótti ég um aðstoð hjá barnavernd á Akranesi. Ég fékk stuðningsfjölskyldu í Reykjavík sem var algjört æði. Nema það var bara of mikið vesen að ferðast með hann á milli því ég var og er ekki með bílpróf. Þannig að ég þurfti að ganga allt, koma honum í strætó til og frá Reykjavík, og eins og flestir þekkja þá fylgir litlum börnum mikill farangur. Ég var náttúrliga svo rosalega þung og átti mjög erfitt með hreyfingu. Á endanum gafst ég upp á að fara með hann til Reykjavíkur.“

Alexandra fékk stuðningsfjölskyldu á Akranesi, sínu bæjarfélagi. „Sú fjölskylda hefur gert allt sem hún getur til að hjálpa mér,“ segir hún.

heimili heldur fékk stuðningsfjölskyldan fullt forræði yfir drengjunum.

„Ég hefði ekki getað ekki fundið betra heimili fyrir þá. Þau hafa gert allt til að láta bæði mér og strákunum mínum líða betur,“ segir Alexandra.


Faðir eldri drengs Alexöndru er frá Pakistan. „Hann hefur hvorki áhuga né löngun til að hafa samband. Ég veit ekkert hvar hann er staddur í heiminum og hann hefur aldrei tekið þátt í lífi drengsins,“ segir Alexandra. Hún segir föður yngri drengs hennar vera í myndinni en hann „mætti sýna meiri lit.“

Afsalaði sér forræðinu


Árið 2016 eignast Alexandra annan strák. „Ég hafði hvorki andlega né líkamlega heilsu til að sjá um þá heima. Barnavernd bauð mér tímabundið fóstur og stuðningsfjölskyldan vildi taka þá báða að sér, sem mér þótti og þykir enn svo vænt um,“ segir Alexandra.

„Barnavernd lofaði að hjálpa mér í andlegum veikindum mínum. En ég fékk aldrei hjálpina. Það var ekki fyrr en ég afsalaði mér forræðinu yfir drengjunum til átján ára aldurs, sem barnavernd varð loks reiðubúin til að hjálpa mér.“

Drengirnir fóru ekki á nýtt



Alexandra Arndísardóttir Sadiku og yngri sonur hennar. Mynd: Úr einkasafni



Alexandra og eldri sonur hennar.

PINNAMATUR
VEISLUR ERU OKKAR LIST!

**BJÓÐUM UPPÁ FJÖLDA TEGUNDA
PINNAMATS OG TAPASRÉTTA**



**AFGREITT Á EINNOTA FÖTUM, TILBÚIÐ FYRIR VEISLUNA
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810**

Veislulist

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS

Ég hélt alltaf áfram að borða tilfinningarnar mínar

Íðrast ákvörðunarinnar

„Ég sé mjög mikið eftir þeirri ákvörðun að afsala mér forræðinu yfir drengjunum. Ég mun aldrei fyrirgefa sjálfri mér fyrir að hafa gert það, þar sem ég gerði það gegn mínum vilja. Barnavernd neyddi mig í það og eina ástæðan sem þau gátu gefið mér var að tími minn væri að renna út,“ segir Alexandra og útskýrir að hún fékk tímabundið fóstur í tvö ár.

„Það vilja allir að ég fari í mál við barnavernd,“ segir hún en bætir við að það ætli hún ekki að gera. „Eina ástæðan fyrir því að ég vil ekki fara í mál sý á að ég elska fjölskylduna sem strákarnir mínir eru hjá. Ég myndi aldrei vilja neitt vesen okkar á milli. Ef það væri ekki fyrir þau, þá myndi ég fara í mál.“

Alexandra er í góðu sambandi við drengina og fær þá til sín aðra hverja helgi. Ef hún biður um að fá þá oftar, þá segir hún það vera ekkert mál. Yfir sumartímamann er hún einnig mikið með þá, og svo er stór plús hvað þeir búa nálægt henni.

Biggest Loser

„Ég hélt alltaf áfram að borða tilfinningarnar mínar og ég fitnaði svakalega. Ég fékk nóg á þessum tímamarki og sótti um að komast inn í Biggest Loser Ísland árið 2015. Ég komst inn og var 175 kíló, minnst mig, þegar ég byrjaði,“ segir Alexandra.

Hún var í þáttunum í níu vikur af tíu. „Mér gekk mjög vel. Ég missti 40 kíló á mjög stuttum tíma. En þegar ég kom heim skeit ég upp á bak. Ég fitnaði mikið aftur og var orðin 186 kíló í janúar 2018. Sjálfmyndin var hræðileg. Mér fannst ég bara feit og ljót og einskis virði. Ég var ekki með neina sjálfsvirðingu og lét vaða yfir mig eins og ekkert væri sjálfsgæðara. Ég svaf hjá mönnum án þess að hafa nokkurn áhuga á því og fannst það bara vera nákvæmlega það eina sem ég ætti skilið því ég væri hvort eð er feit og fengi ekkert betra, að ég ætti ekki skilið að vera elskuð.“

Ákvað að elska sig sjálfa

Alexandra byrjaði mjög ung að reyna að greinast. Hún prófaði alla kúra sem völ var á, alla hreyfingu sem var í boði og æfði allar þær íþróttir sem hún vissi að væru aðgengilegar á Akranesi. „Ég reyndi allt. En ég gafst alltaf upp,“ segir Alexandra.

„Ég fór á Herbalife, ég prófaði ketó, danska kúrinn, að fasta, djúsa og allt sem þið getið talið upp, en ég bara náði ekki að festa mig í þessu öllu saman. Ég fór alltaf að borða meira en ég gerði áður en ég byrjaði. Hvað þá eftir Biggest Loser Ísland, þá fyrst át ég sem mest eftir að keppninni lauk því mér leið bara ekki vel,“ segir Alexandra.

„Það var ekki fyrir en í janúar 2018 sem ég sagði hingað og ekki lengra. Orðin um 186 kíló. Ég tók þá ákvörðun að líta í spegil og telja sjálfri mér trú um að ég væri flott eins og ég var og að ég ætti skilið meiri virðingu og ást þótt ég liti út eins og ég gerði þá.“

Syndir í sjónum

Eftir að Alexandra ákvað að elska sjálfa sig skilyrðislaust byrjaði henni að líða betur og í kjölfarið fór hún ósjálfrátt að hreyfa sig meira og borða minna. „Ég hef ekkert þurft að passa mig eða fylgjast sérstaklega með því sem ég geri. Ég byrjaði að fara í sjó-

sund í október 2017 og er enn í því. Ég fer að minnsta kosti einu sinni í viku og reyni að synda sem mest í sjónum. En er alltaf langduglegust yfir sumartímamann. Ég byrjaði einnig að fara í fjallgöngur með góðum hóp í sumar,“ segir Alexandra.

„Ég er ekki að hreyfa mig sérstaklega til að missa einhver kíló, heldur aðallega til að bæta þolið mitt. Þetta snýst ekki um kíló heldur um árangur minn, hvort ég sé búin að bæta þolið og hvernig fötin passa á mig; hvort þau séu víðari og stærri.“

Ofnæmi fyrir ræktinni

Alexandra segir að hreyfingin sé það erfiðasta við þetta ferli.

„Að hreyfa sig með 186 kíló utan á sér er hrikalega erfitt get ég sagt ykkur. Og hvað þá upp brekkur, ég verð mót við tilhugsunina en ég læt það ekki stoppa mig. Mér er farið að finnast gaman í göngum og að hreyfa mig, svo lengi sem það er alls staðar annars staðar en í líkamsræktarsal. Ég bara þoli illa ræktina, held ég sé með ofnæmi fyrir svoleiðis stöðum,“ segir Alexandra.

Hún segir að það komi aldrei auðveld stund. „Ég ætla ekki að ljúga því að þetta sé bara ekkert mál. Þetta krefst rosalegrar sjálfsvinnu. Það tók mig mörg ár að komast á þann stað sem ég er á í dag. Ég er ekki að segja að ég muni ekki þyngjast aftur á einhverjum tímamarki. En ég held að ég hafi betri stjórn á mér núna en áður og mun því ekki hrynja eins langt niður og ég hef alltaf gert, og verð vonandi fljóttari að koma mér svo aftur á ról,“ segir Alexandra.


Jákvæð líkamsmynd mikilvæg

Að sögn Alexöndru leikur jákvæð líkamsmynd gríðarlega stórt hlutverk í hennar lífi. „Ég leit á mig sem eitthvert ómerkilegt hyski. Vanmáttuga og einskis virði. Þegar ég áttaði mig loksins á því hvað ég ætti skilið, hversu mikils virði ég væri og hvað ég ætti mikið eftir af lífinu, þá varð ég svo mikið öruggari með sjálfa mig,“ segir Alexandra.

„Áður klæddi ég mig eingöngu í svört föt og helst allt of stór. Innan undir stóru peysunni var ég í að minnsta kosti tveimur bolum til að halda bumbunni inni. Eða ég gekk í alltof flegnum bol því ég hélt það væri það eina sem strákar vildu sjá, því þá fengi ég einhverja jákvæða athygli frá karlmönnum, sem reyndist mjög vitlaus hugsun,“ segir Alexandra.

„Í dag klæði ég mig bara eftir veðri og vindum, ég nota alla liti og ég kaup mér föt eftir því hvort mér finnst þau flott og þægileg, ekki eftir því hvað felur mest. Ég elska sjálfa mig eins og ég er og ég elska að klæða mig fínt. Ég er með helling af æðahnútum, sliti, fellingum og appelsínuhúð en ég er loksins hætt að fela það. Ég fór alltaf í sund í sundbol og stuttbuxum og helst bol yfir. Í dag er ég í bikiníu og mér hefur aldrei fundist ég jafn flott.“

Að lokum vill Alexandra gefa öðrum í sömu og sporum og hún var í ráð. „Lærðu að elska sjálfa þig nákvæmlega eins og þú ert. Það er erfiðara en að segja það, en þú getur það. Ef einhver annar getur elskað sig, af hverju getur þú það ekki líka? Þetta tekur tíma en þetta er hægt.“ ■



Eftir að Alexandra byrjaði að elska sjálfa sig byrjaði hún að hugsa betur um sig,



Alexandra þegar hún tók þátt í Biggest Loser árið 2015.



Alexandra Arndísardóttir Sadiku.

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

ht.is

LOKAÐ YFIR VERSLUNARMANNAHELGINA*

RISA

ÚTSALA!

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR – ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR!

TAKMARKAÐ
MAGN!
SJÁDU ALLT
ÚRVALIÐ Á HT.IS



Heimilistæki

REYKJAVÍK AKUREYRI REYKJANESBÆR SELFOSS EGILSSTAÐIR HÚSAVÍK AKRANES

* OPIÐ Á GLERÁRTORGI 3. OG 4. ÁGÚST



Meirihluti útvinnandi mæðra hefur upplifað kulnun í starfi

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Rúmlega ein af hverjum sjö útvinnandi mæðrum hefur upplifað kulnun í starfi. Mæður sem eru í 75–100 prósent starfi utan heimilis segjast sjaldnar komast yfir allt sem þarf að gera á heimilinu eftir vinnu. Álag á útvinnandi mæðrum er mikið en óljóst er hvort það er tilkomið vegna heimilis eða vinnu. Starfshlutfall virðist hafa mikið að segja um ánægju mæðra og hvernig gengur að komast yfir aðra hluti tengda heimili og barnaupplendi eftir vinnu.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í niðurstöðum lokaverkefnis Stefaníu Rutar Hansdóttur og Rósu Drafnar Pálsdóttur til BA-gráðu í sálfræði við Háskólann á Akureyri. Markmið verkefnisins var að skoða hvort mæður í samfélaginu í dag upplifi starfsánægju í vinnu sinni samhliða heimilishaldi og barnaupplendi.

Helmingur upplifir gott jafnvægi

Í tengslum við rannsóknina var könnun lögð fyrir 372 mæður á aldrinum 20–60 ára en allar eru þær með börn undir 18 ára á heimilinu og 86 prósent af þeim eru í sambúð. Þá eru langflestar þeirra, eða 8 af hverjum 10 í 75–100 prósent vinnu utan heimilis.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að almennt eru mæður ánægðar með hlutskipti sín í atvinnu. Þannig sögðu sjö af hverjum tíu úr hópnum að þær væru ánægðar í starfi. Engu að síður var hátt hlutfall mæðranna, eða 67

prósent, sem sögðust hafa fundið fyrir uppgjöf í starfi síðastliðið ár. Flestar þeirra voru með börn á aldrinum 6 til 18 ára á heimilinu.

Í niðurstöðunum kemur einnig fram að mæðrum finnst almennt séð ekki gerður munur á konum sem ekki eiga börn og mæðrum í starfi. Rúmlega sjö af hverjum tíu úr hópnum sögðust frekar oft eða alltaf fá sömu tækifæri á vinnustað og þær sem ekki eiga börn. Um 15 prósent af mæðrunum voru hins vegar ósammála þeirri fullyrðingu.

Rúmlega helmingur af mæðrunum, eða 52 prósent, sagðist upplifa gott jafnvægi á milli vinnu og einkalífs. Þá kemur fram að jákvætt viðhorf frá samstarfsfólki, skilningur frá yfirmanni og skilningur á fjarveru vegna veikinda barna eru þættir sem geta haft mikil áhrif á líðan mæðra í vinnu.

Komast sjaldan yfir allt

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að meirihluta mæðranna fannst þær fremur oft eða alltaf mæta skilningi í vinnu þegar þær voru frá störfum vegna veikinda barna.

Um 78 prósent sögðust fremur oft eða alltaf mæta jákvæðu viðhorfi frá samstarfsmönnum eftir veikindi barna. Skilningur frá yfirmanni þegar sinna þarf fjölskyldu og einkamálum sýndi að í 82 prósent tilfella upplifðu mæður skilning og sást þar munur á starfsánægju en starfshlutfall og aldur barna hafði ekki áhrif.

Fram kemur í niðurstöðunum að jákvæð upplifun mæðra á

samspieli vinnu og heimilishalds og barnaupplendis skiptir miklu máli. Mælingar sýndu að 33 prósent sögðust fremur oft eða alltaf komast yfir allt það sem þarf að gera vegna barna og heimilis eftir vinnu. Hins vegar sögðust 36 prósent mæðranna fremur sjaldan eða aldrei komast yfir allt það sem þarf að gera. Mæður í 75–100 prósent starfi komust sjaldnar yfir það sem þurfti að gera varðandi heimili eftir vinnu en þær sem voru í 75 prósent starfi eða minna.

Heimilshaldið situr á hakanum

Í niðurstöðum segir enn fremur að eins og staðan er í samfélaginu þá séu mæður og foreldrar almennt uppteknir við amstur hversdagsins.

„Viðhorf sem mæður koma með sér heim eftir langan vinnudag hljóta að hafa áhrif á börnin og heimilishaldið. Það ábyrgðarfulla hlutverk sem móðir stendur fyrir og öll ábyrgðin sem leggst á aukalega fyrir utan vinnu hlýtur að hafa mikil áhrif. Hvað svo sem það er sem leiðir til aukins vinnuálags á mæður, er umhugsunarvert hversu margar þeirra komast einungis stundum yfir það sem þarf að gera á heimilinu eftir vinnu. Heimilishald situr á hakanum á meðan fullri einbeitingu er haldið á vinnunni. Verkefnalistar heimilisins samtvinnast með vinnuálaginu sem leiðir til þess að mæður upplifa uppgjöf í starfi vegna skorts á tíma til að sinna heimili og því sem fylgir.“

Þá segir að mæður virðist eiga að geta verið í fullri vinnu, eldað

mat á hverjum degi, haft heimilið lýtalaust, vera vel útlítandi og þess á milli að ná að mæta á alla foreldrafundi, skólaviðburði, sinna barnaupplendi, hlusta á lestur barna sinna á meðan þær fara í búðina og gera vikuinnkaupin.

„Þetta hljómar allt voðalega óraunhæft en þetta virðast vera kröfurnar til mæðra. Þetta er mikilvægt atriði til að skoða í því samfélagi sem við búum við í dag.“

Þá segir að út frá þessum niðurstöðum sé hægt að álykta að álagsjafnvægi milli heimilis og vinnu stangist á.

„Þótt 86 prósent svarenda séu í sambúð eða giftar er athyglisvert að sjá hversu stórt hlutfall segist ekki komast yfir það sem þarf að gera eftir vinnu í tengslum við heimili og barnaupplendi. Er verkaskiptinginn innan heimilis svo ójöfn að álag vegna heimilis og barnaupplendis leggist einungis á mæður? Niðurstöður sýna að álag er á mæðrum á vinnumarkaði en spurningin er hvað það er sem veldur. Í framhaldi af þessari rannsókn væri hægt að skoða hvaðan álagið kemur. Er það tilkomið frá skyldum heimilis og barnaupplendis og skólaskyldum eða er það komið frá vinnunni?“

Eins og hamstur í hjóli

Andrea Hjálmsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri, og Marta Einarsdóttir, sérfræðingur á Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri, kynntu fyrr á árinu niðurstöður rannsóknar sem sneri að streitu í daglegu lífi fjölskyldufólks á Íslandi. Í tengslum við rannsóknina voru tekin rýnihópaviðtöl

á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu, við hópa karla og kvenna sem voru í parasamböndum og áttu börn.

Í útdrætti kemur fram að ljóst sé að góður árangur hafi náðst hér á landi þegar kemur að kynjajafnrétti á ákveðnum sviðum samfélagsins, en á sama tíma koma tíðari fréttir af aukinni streitu í daglegu lífi og aukinni tíðni kulnunar í starfi og streitutengdra sjúkdóma. Rannsóknir hér á landi benda til þess að þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku sé meira vinnuálag vegna barnaupplendis og heimilisstarfa á herðum kvenna en karla og óskir um styttri vinnuviku sem fram hafa komið í rannsóknum benda til þess að það sé ekki án vandkvæða að samræma fjölskyldu og atvinnu.

„Mér finnst ég stundum eins og hamstur í hjóli,“ sagði einn viðmælendanna.

Þá töluðu margir viðmælendur um sífelld samviskubit sem þeir glíma við, togstreitu um forgangsröðun og þá slæmu tilfinningu sem fylgir því að ná ekki að sinna fjölskyldunni sem skyldi vegna álags í vinnunni, eða öfugt.

Það reyndist hins vegar mismunandi hvernig karlar og konur skilgreindu álag í daglegu lífi. Þannig var það algengara á meðal kvennanna að tala um álag tengt heimilisstörfum og barnaupplendi, á meðan karlarnir tengdu álag og streitu við vinnuna.

Þá kemur enn fremur fram í niðurstöðunum að stytting vinnuvikunnar sé lykilafríði í því að minnka álag og auka lífsgæði fjölskyldufólks hér á landi. ■

VÖRUR Í BOÐI TIL MERKINGA

STUTTERMABOLIR
POLOBOLIR
HETTUPEYSUR
PEYSUR
HÚFUR
HANSKAR
BARNAPEYSUR
BARNABOLIR



EIGUM ALLAR TEGUNDIR OG LITI AF FYRIRTÆKJAFATNAÐI

Saumastofa ÍSLANDS SAUMASTOFA.ISLANDS@GMAIL.COM

Malarhöfða 2
5813330

Sumar og sól

2. ágúst 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is

VELKOMIN Á Ströndina



HEFURÐU KOMIÐ Á HAUGANES?

Á HAUGANESI VIÐ EYJAFJÖRÐ ER NÝLEGT FULLBÚIÐ TJALDSVÆÐI Í GÖNGUFÆRI VIÐ VEITINGASTAÐINN BACCALÁ BAR OG SANDVÍKURFJÖRU, ÞAR SEM HÆGT ER AÐ BUSLA OG LEIKA SÉR Í SJÓNUM OG YLJA SÉR Í HEITUM POTTUM Í FJÖRUNNI.

HAUGANES ER 13 KM FRÁ DALVÍK OG 35 KM FRÁ AKUREYRI, TILVALINN ÁNINGARSTAÐUR Í SUMARFRÍINU.



Óprúttirnir aðilar sóðuðu út pottasvæðið í skjóli nætur

Baccalá Bar á Hauganesi er auðþekktanlegt kennileiti í bænum enda er staðurinn þrýddur fallegu útsvæði eða verönd sem lítur út eins og forlata víkingaskip. „Það hefur verið dásamlegt að sóla sig úti á veröndinni í sumar og horfa yfir Eyjafjörð, þegar sólin hefur látið sjá sig. En á sólardögum er veröndin þéttsetin af bæði innlendum víkingum og heimamönnum sem og erlendum ferðamönnum. Í nágrenninu er svo elsta starfandi hvalaskoðun á landinu og fáum við fjölda fólks til okkar eftir hverja siglingu á hvalamiðin,“ segir Elvar Reykjalin hjá Baccalá Bar.

Elvar er reynslumikill kokkur og hefur tekið á móti fólki í kynningar og mat í yfir tuttugu ár. „Oft á tíðum hef ég eldað við frekar frumstæðar aðstæður en þegar fjölgun gesta var orðin slík að ég hafði ekki undan, þá var ekki annað hægt en að koma sér upp almennilegri aðstöðu. Ég byrjaði fyrir fjórum árum að byggja upp veitingahúsið Baccalá Bar. Síðan þá hefur verið stöðugur stígandi í rekstrinum hjá okkur, þá sérstaklega

á þessu ári. Við erum að sjá um 70–80% aukningu frá sömu mánuðum á síðasta ári og erum við mjög spennt fyrir framhaldinu.“

Dýrindis saltfiskpízza og nýveiddur fiskur

Á veitingastaðnum Baccalá Bar starfa fjórir Spánverjar við matreiðslu og þjónustu ásamt tveimur íslenskum stúlkum úr þorpinu. „Þetta er jú Baccalá Bar og baccalá á spænsku þýðir þorskur. Einnig merkir orðið saltfiskur en við gerum út á bæði fiskinn og saltfiskinn hér á Baccalá Bar. Við erum þó með eitthvað fyrir alla á matseðlinum, allt frá salati, hamburgurum og fiski upp í dýrindis nautasteikur.“

Vinsælasti rétturinn er án efa fiskur og franskar, en við notum alltaf glænýjan fisk sem veiddur er á handfæri af honum Ragga bróður. Pízzurnar okkar þykja einnig mjög góðar og eru gríðarlega vinsælar. Þá er saltfiskpízzan sérstaklega vinsæl, enda þykir saltfiskurinn frekar óvenjulegt og spennandi pízzuálegg.“

Líklega besta verðið á kokteilum

„Einn af Spánverjunum okkar er alger sérfræðingur í kokteilum. Sennilega erum við með lengsta kokteillista landsins og alveg örugglega besta verðið á þeim. Þeir eru líka geysivinsælir. Ég mæli sérstaklega með Brælu á Baccalá Bar og Ödda Verkstjóra.“

Ískaldir pottar til að sporna við sóðaliði

Staðsetning heitu pottanna er vægast sagt frábær í Sandvíkurfjörðunni. „Þetta er grunn og löng sandfjara sem snýr á móti suðri, alveg dásamlegt svæði. Einnig sjáum við um tjaldstæði fyrir ferðamenn. Ég byrjaði á einum potti fyrir fjórum árum þegar uppbygging veitingahússins og tjaldsvæðisins hófst og hef ég fjölgað pottunum á hverju ári. Nýjasti potturinn er skip með rá og reiða og er mjög vinsæll. Baðaðstaðan er undir bakka þannig að þótt það sé norðanhafgola er algert skjól undir bakkanum og frábært að sóla sig í lofninu. Verðinu í pottana er

stíllt í hóf enda kostar ekki nema 500 krónur ofan í þá. Ætlunin var að hafa pottana opna allan sólarhringinn en í vor neyddist ég til að hleypa úr þeim um tíma vegna sóða sem komu seint á kvöldin, gengu um eins og svín og skemmdu og brutu upp peningakassann nokkrum sinnum.“

Nú er reyndar vatn í pottunum allan sólarhringinn og ég leyfi fólki að vera lengur en til klukkan 22.00 ef það hefur samband og einhver tekur ábyrgð á hópnum. Allt gott fólk er velkomið og sem betur fer eru 99% fólks frábærir gestir sem ganga vel um og eru til fyrirmyndar og vil ég þakka þeim öllum kærlega fyrir komuna.“

Það er heldur betur gott að skella sér í pottinn eftir sjósundið.

Hafnargata 6, Hauganesi, 621 Dalvíkurbyggð.

Nánari upplýsingar má nálgast á ektafiskur.is/veitingahus/

Sími: 620-1035

Netfang: elvar@ektafiskur.is



VALLARBRAUT:



Jón Valur Jónsson og Ingvar Sigurðsson. Mynd: Eypór Árnason.

Mynd: Eypór Árnason.



Öflugar gæðavörur fyrir landbúnaðinn

Innflutningsfyrirtækið Vallarbraut stofnuðu þeir Jón Valur Jónsson og Ingvar Sigurðsson árið 2015. „Þó svo að aðalvörurnar hjá okkur séu SOLIS og HATTAT dráttarvélar erum við að flytja inn ýmsar aðrar vörur fyrir landbúnað, einstaklinga og verktaða.“

Við erum t.d. með kerrur og vagna fyrir flest tæki sem og flest tæki sem hægt er að hengja á dráttarvélar. Einnig erum við að flytja inn mótörhjul frá Royal Enfield,” segir Jón Valur.

Vallarbraut heldur úti metnaðarfullri heimasíðu og youtube rás þar sem finna má myndbönd af öllum helstu innflutningsvörum sem eru til sölu hjá fyrirtækinu. „Okkur þykir mikilvægt að viðskiptavinir okkar geti séð í lit hvernig vörurnar eru að standa sig, sérstaklega þeir sem eru úti á landi og eru ekki á hverjum degi í Hafnarfirði.“

Öflugir vagnar og kröftugar kerrur frá frændum á Írlandi

Vallarbraut er með afar gott úrval af sturtu- véla- og flatvögnum í fjölbreyttum stærðum og gerðum. „Þá erum við meðal annars með mjög vandaða og sterka vagna frá KANE og við getum útvegað malarvagna fyrir dráttarvélar með burðargetu frá 1–30 tonn.“

Þá erum við með lengri og styttri vélavagna með rampi sem taka 16 eða 24 tonn. Við bjóðum einnig upp á vörubilsvagna frá GT SEMI TRAILER í Tyrklandi. Við seljum aðallega frá þeim vélavagna og gámaflutningagrindur og er EIMSKIP að fá afhentar 6 gámagrindur á næstu dögum.“

Nugent er leiðandi framleiðandi í heiminum á kerrum undir 3.500 kg. heildarþyngd „Við eigum bílaflutningakerrur, litlar fjórhjólakerrur, gripakerrur, hestakerrur, sturtukerrur, vélakerrur og svo gott úrval af aukabúnaði sem og varahlutum.“

Nugent framleiðir einnig vörur fyrir landbúnaðinn og er Vallarbraut með rúllu- og baggagreiðar, rúlluspjót og afrúllara frá því. „Þá erum við með úrval af einföldum og tvöföldum greipum og sterkbyggða gjafavagna með lásagrindum eða venjulegum átgrindum.“

Belmac: Írsk gæðaframleiðsla / Sérfræðingar í skitkasti

„Belmac er írskt fjölskyldufyrirtæki sem stofnað var árið 1987. Belmac haugsugur og keðjudreifingar/skítadreifingar eru vinsælir um allan heim enda um gæðavöru að ræða. Stærsta haugsugan okkar er frá Belmac og tekur heila 15.911 lítra. Um er að ræða tveggja öxla tryllitæki

með beygjuöxli að aftan og 12.000 lítra dælu.“

Ástralir og Nýsjálandingar virðast vera hrifnir af 12.274 lítra Belmac haugsugunni enda öflug haugsuga á góðu verði. Minnsta haugsugan frá Belmac er 5228 lítra og kemur hún á 9 tonna öxli. Skítadreifingararnir eru framleiddir í stærðunum 1 til 12 „cubicyards“ og byggja á áratuga langri hönnun sem margir kannast við til sveita.“

Öryggi í landbúnaði

„Okkur hjá Vallarbraut og Belmac er ann t um öryggi í landbúnaði og höfum reynt að leggja okkar af mörkum til að minnka slyshættu. Vallarbraut er eina fyrirtækið héraendis sem býður upp á drifskafslausar haugsugur en drifsköft valda oftast alvarlegustu slysunum. Með vökvaknúnni dælu er búið að fjarlægja alla snúningshluti sem mögulegt er að festast í.“

Öflugir Pólverjar

Það má segja að Pólland sé í örur vexti hvað varðar framleiðslu á landbúnaðartækjum. Frá Póllandi koma heyrinnutæki ofl. frá JAR-MET og jarðvinnslutæki frá BOMET. „Einnig erum við að hefja innflutning á pólskum bogaskemum. Undanfarið hafa áburðardreifingar og steypuhrævíl-

ar verið mest selda varan frá JAR-MET.“

Litlir dragtengdir dreifarar sem hægt er að hengja aftan í fjórhjól bjóða upp á fjölbreytta notkun, því með þeim er hægt að dreifa áburði, sandi og salti.“

Kurlarar og ruddasláttuvélar

„Undanfarið hefur orðið mikil eftirspurn eftir tækjum tengdum skógrækt. DELEKS og AGRIMASTER frá Ítalíu bjóða upp á breitt úrval tækja fyrir t.d. skógræktarfolk. Vallarbraut er með öflugra kurlara sem eru tengdir við traktor og geta tekið allt að 15 cm. trjáboli.“

Ruddasláttuvélar með hliðarfærslu og lóðréttri stillingu hafa vakið mikla athygli enda öflug vél á góðu verði. Frá Agrimaster bjóðast svo sláttuvélar með safnkassa sem geta sturtað upp í vagna.“

Vallarbraut er staðsett að Trönuhrauni 5, 220 Hafnarfirði. Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni og vefversluninni vallarbraut.is
Fylgstu með á Facebook: Vallarbraut og Youtube: Vallarbraut ehf.
Netpóstur: vallarbraut@vallarbraut.is



Belmac haugsugur er hægt að fá í öllum helstu dráttarvélaflotum



Vélavagn 24 t og malarvagn 20 t.



HÚS
DÝRA
GARÐUR
INN





Vin í Laugardal



mu.is





***Infrared saunur verð frá 180.000 kr.
Viðarkyntir pottar verð frá 200.000 kr.***





Sjáðu úrvalið á goddi.is

- **Sauna- og gistitunnur**
- **Hitaveitupottar verð frá 390.000 kr.**
- **Nokkrar tegundir af skeljum verð frá 155.000 kr.**
- **Tvær tegundir af rafmagnspottum 200x200 sm. á 620.000 kr. m/loki og tröppu**

Eigum fjórar stærðir af lokum á
lager í gráum og brúnum litum
Verð frá **58.500 kr.**



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550


HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Myndir: Eybór Árnason



Bílskúr breytt í íbúð

Allt til alls á 20 fermetrum

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Kona á þrítugsaldri breytti bílskúr við heimili foreldra sinna í íbúð fyrir sig með góðri aðstoð foreldranna og eru 20 fermetrar nú orðnir að hlýlegu og fallegu heimili.

„Við leigðum gám og byrjuðum á að rífa allt út úr bílskúrnum og henda í gáminn. Það þurfti að þrifa allt hátt og lágt, byrja á því að teipa herbergi og mæla fyrir öllu,“ segir íbúðareigandinn, en verkið í heild tók þrjá mánuði.

„Það var rosalega mikið sem tók tíma af minni hálfu þar sem ég er mjög ópolinmód,“ svarar hún aðspurð hvað hafi verið erfiðast við verkið. „Grunnvinnan og undirbúningurinn og öll þriffin voru tímafrek. Síðan verð ég að taka fram að það að sparsla og þússa og sparsla og þússa er klárlega leiðinlegasta og tímafrekasta verkefnið.“

Pípari kom og lagði fyrir sturtunni, en baðherbergið er innst í rýminu. „Við létum líka gera túðu í sturtunni sem er alltaf í gangi svo að loftflæði sé í lagi.“ Einn gluggi er í heildarrýminu, við annan endann þar sem komið er inn, þannig að loftflæði þarf að vera gott svo ekki myndist mikill raki eða hiti inni.

Hvað var dýrast við framkvæmdirnar?

„Kostnaðarsamasti hlutinn var þegar við þurftum að leita aðstoðar hjá iðnaðarmönnum, en við eigum gott fólk að og var vinur pabba, sem er smiður, með okkur í öllu ferlinu og fær hann tíu í einkunn fyrir þolinmæði og fagleg vinnubrögð.“ Frændi hennar kom síðan og tengdi fyrir rafmagninu.

Íbúðareigandinn mælir með því við slíkar breytingar að vera vakandi fyrir tilbodum og afsláttum. „Við vorum helvíti heppin með mikið af hlutum, eldhúsinnréttingin var til dæmis á 40 prósent afslætti í IKEA því þeir voru að skipta út svarta litnum.“

Hvað kom á óvart í breytingunum?

„Hvað lofhæðin er góð, rýmið er í góðri „funksjón“ og hvað pabbi minn er helvíti duglegur.“

Hvað var skemmtilegast?

„Að sjá grámyglulegan bílskúr verða að fallegu litlu heimili, sjá hvernig hlutirnir koma heim og saman. En verkefnið sjálft var mjög skemmtilegt, ég verð að taka fram hvað ég á góða foreldra sem eiga stórt „high five“ og faðmlag skilið, fyrir að leyfa mér að njóta góðs af þeim á meðan ég safna fyrir íbúð. En auðvitað var þetta einn lærdómur sem fer klárlega í reynslubankann.“



Notalegt Fallegir smáhlutir skapa heildarmyndina.



Heildarmynd í litlu rými þarf hver hlutur að fá að njóta sín.



Eldhúsið þvottavél er í innréttingunni sem var á afslætti í IKEA.

Ótrúleg sjö ár Julianans Ass

■ Hvað gerði Assange allan þennan tíma í fangelsi

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Þann 11. apríl síðastliðinn gat Julian Assange, stofnandi Wikileaks, ekki lengur komist undan armi breskra laga. Hann hafði þá dvalið í sendiráði Ekvador í London í sjö ár. Þar hafðist hann við í tveimur litlum herbergjum í hinu fína Knightsbridge-hverfi. Þegar fjölmiðlamenn fylgdust með breskum lögreglumönnum bera Assange út sáu þeir að því er virtist eldgamla manni borinn á börum en Assange er aðeins 47 ára. Hann var með hvítt úfið hár, mikið grátt skegg og allt að því brjálæðislegt augnaráð. Kannski ekki að furða eftir sjö ára innilokun.

Assange leitaði skjóls í sendiráðinu eftir að hann var sakaður um kynferðisbrot í Svíþjóð. Sænsk yfirvöld óskuðu eftir að fá hann framseldan en Assange leitaði skjóls í sendiráðinu áður en bresku lögreglunni tókst að hafa hendur í hári hans því hann óttaðist að verða framseldur til Bandaríkjanna, en þar á hann þunga refsingu yfir höfði sér fyrir að hafa birt bandarísk leyniskjöl. Ef hann verður framseldur til Bandaríkjanna gæti hann hlotið lífstúðarfangelsisdóm.

Assange á harða baráttu fyrir höndum við að berjast gegn framsali til Bandaríkjanna. Hann situr nú í Belmarsh-fangelsinu í London en hann var dæmdur í eins árs fangelsi fyrir að hafa brotið gegn skilyrðum þess að vera látinn laus gegn tryggingu. Bandarísk yfirvöld vilja fá hann framseldan vegna þáttar hans í að birta leynigögn frá bandarískum stjórnarindrekum og varnarmálaráðuneytinu árið 2010. Meðal þessara gagna var myndband sem sýnir áhöfn bandarískrar orrustuþyrlu skjóta fjölda óbreyttra borgara í Írak. Málið vakti alþjóðlega hneyskl-

„Framundan er barátta Assange gegn framsalskröfu frá Bandaríkjunum, en það verður líklegast harðasta orrusta ævi hans.“

un og var mikill álitshnekkir fyrir Bandaríkin. Þessi gögn fékk Wikileaks frá Chelsea Manning (sem hét þá Bradley Manning) sem starfaði sem sérfræðingur hjá Bandaríkjaher.

Í Svíþjóð stendur rannsókn yfir á kæru á hendur Assange fyrir nauðgun en hann er sakaður um að hafa nauðgað konu og brotið kynferðislega gegn annarri þegar hann var í heimsókn í Stokkholmi. Rannsókn málanna hafði verið hætt en eftir að stjórnvöld í Ekvador gáfust upp á Assange og heimiluðu bresku lögreglunni að fjarlægja hann úr sendiráðinu hófst rannsókn á nýjan leik.

Flúði í sendiráðið

Það var í júní 2012 sem Assange taldi öryggi sínu svo ógnað eftir birtingu skjalanna frá Manning að hann leitaði skjóls í sendiráði Ekvador. Það kynti undir ótta hans að hann taldi líklegt að Svíar myndu framselja hann til Bandaríkjanna ef hann yrði framseldur til Svíþjóðar vegna kynferðisbrotamála sem hann hefur stöðu grunaðs í. Stjórnvöld í Ekvador tóku honum vel og sögðust vilja leggja sitt af mörkum til að vernda tjáningarfrelsið. Þetta verður þó að skoða í ljósi þess að Rafael Correa, forseti Ekvador, var á þessum tíma mjög gagnrýninn á Bandaríkin. Ætlunin var að Assange færi síð-

an til Ekvador en það gekk ekki eftir því bresk yfirvöld tilkynntu að þau myndu handtaka hann um leið og hann yfirgæfi sendiráðið og því sat Assange fastur þar næstu sjö árin.

En hvað gerði Assange allan þennan tíma í fangelsinu? Því reyndi CNN nýlega að svara í ítarlegri umfjöllun um málið. Sjónvarpsstöðin komst yfir ýmis skjöl varðandi dvöl Assange í sendiráðinu en úr þeim má lesa eitt og annað athyglisvert.

Stjórnstöð Wikileaks

Samkvæmt skjölunum þá fékk Assange að breyta þeim fáu fermetrum sem hann hafði til umráða í stjórnstöð Wikileaks og starfsemi samtakanna á heimsvísu. Hann er sagður hafa átt í nánú samstarfi við rússneska tölvuþrjóta um birtingu mörg þúsund tölvupósta, skjala og annarra gagna sumarið 2016 þegar baráttan vegna forsetakosninganna í Bandaríkjunum stóð sem hæst. Þessi gögn komu sér mjög illa fyrir Hillary Clinton sem atti kappi við Donald Trump um forsetastólinn.

Assange fékk marga pakka senda í sendiráðið en þeir innihéldu skjöl, líklegast tölvupósta og annað sem tölvuþrjotar höfðu komist yfir. Það voru menn með hárkollur og í dulargervi sem komu með þessar sendingar.



Heilsar blaðamönnum Julian Assange á leið fyrir rétt í Westminster í London. Mynd: Getty Images

CNN segir þessa menn hafa verið sendla. Hann hafði frjálstan aðgang að gestalista sendiráðsins og hann kaus að fara með fólk inn á kvennasalarnið þegar hann þurfti að ræða við það en þar inni voru engir hljóðnemar eða eftirlitsmyndavélar. Margir Rússar eru sagðir hafa heimsótt hann.

CNN gerir eiginlega meira en að gefa í skyn að hluti af stolnu gögnunum um Demókrataflokkinn hafi verið settur á netið frá sendiráði Ekvador í London. Það hafi þannig verið Assange sjálfur sem ýtti á „send“-takkann og birt efnið sem olli Hillary Clinton svo miklum vandræðum en vakti gleði Donalds Trump.

„Ég elska Wikileaks,“ hrópaði hann á framboðsfundum sínum á þessum tíma.

Tengsl við Rússland

Gögn CNN styðja við margt af því sem Robert Mueller, sérstakur saksóknari, segir í skýrslu sinni um hugsanlegt tengsl forsetaframboðs Donalds Trump við Rússa í kosningabaráttunni 2016. Birting Wikileaks á 20.000 skráum og skjölum sumarið 2016 er mikilvægur hluti skýrslunnar sem var birt fyrir á þessu ári. CNN fékk einnig aðgang að mörg hundruð skýrslum um eftirlit og hleranir í sendiráði Ekvador en það



var spænka öryggisfyrirtækið UC Global sem gerði þessar skýrslur fyrir ríkisstjórn Ekvador. Skýrslurnar veita ítarlegt yfirlit um hvernig Assange varði dögum sínum í sendiráðinu og hvernig hann lét tímamann líða. Í þeim kemur meðal annars fram að Assange hafi margoft fengið rússneska gesti og einnig hafi vel þekktir tölvuþrjotar á borð við hinn þýska Andy Müller-Maguhn heimsótt hann en hann kom 12 sinnum í sendiráðið.



Frelsið Assange Julian Assange á marga stuðningsmenn. Mynd: Getty Images

Assange í sendiráði Ekvador

Ínu? ■ Var hann aðeins verkfæri í höndum Rússa?



Fastur í sendiráðinu Í maí árið 2017 ávarpaði Julian Assange blaðamenn við sendiráðið Ekvador í London.



Assange fékk að setja upp nýja síma, háhraðanet og nýtt og óflugt tölvukerfi í vistarverum sínum. Þannig gat hann verið í sambandi við höfuðstöðvar Wikileaks og sent og móttakið mikið magn gagna. Þetta gerðist áður en gögnin frá bandaríska Demókrataflokknum voru birt en það voru rússneskir tölvuþrjotar sem stálu þeim.

UC Global kemst að þeirri niðurstöðu að enginn vafi leiki á að Assange hafi verið í beinu

sambandi við rússneska leyniþjónustu og fólk sem tengist valdhöfum í Kreml. Það sama segir í fyrrgreindri skýrslu Mueller. Assange hefur alla tíð neitað þessu og hefur ítrekað sagt að gögnin hafi ekki komið frá rússneskum yfirvöldum eða leyniþjónustu. Hann hefur staðhæft að hann hafi ekki blandað sér í kosningabaráttuna og að hann hefði birt samsvarendi gögn um Donald Trump og Repúblíkana ef hann hefði haft þau undir höndum.

Þegar Demókratar tilkynntu 14. júní 2016 að rússneskir tölvuþrjotar hefðu brotist inn í tölvukerfi þeirra og stolið miklu magni gagna átti Assange mjög annríkt í sendiráðinu. Rúmum mánuði síðar birti Wikileaks þessi stolnu gögn. Í júní fékk Assange 75 gesti en það voru tvöfalt fleiri en að jafnaði. Margir þeirra voru Rússar sem tengdust valdhöfum í Kreml. Einnig fékk Assange gesti sem starfa hjá rússnesku sjónvarpsstöðinni Russia Today (RT) sem er þekkt fyrir að vera mjög svo hlýðin málpípa rússneskra stjórnvalda. RT kemur einmitt við sögu í skýrslu Mueller en þar er því slegið föstu að tengsl hafi verið á milli Wikileaks og RT áður en gögnin um Demókratana voru birt.

Assange hefur raunar sífellt stillt sér upp sem baráttumanni fyrir tjáningarfrelsi. En sú spurning vaknar hvort það sé rétt og hvort hugsast geti að hann gangi erinda ákveðinna hagsmuna eða hvort Rússar hafi einfaldlega haft hann að fílli og notfært sér hann til að hafa áhrif á forsetakosningarnar í Bandaríkjunum og stýra þeim í farveg sem var þeim þóknanlegur?

Erfiður í sambúð

Svo virðist sem Assange hafi notið mikilla forréttinda í sendiráðinu

frá upphafi. Hann gat fengið þá gesti sem hann vildi og þurfti ekki að hafa samráð við öryggisverði um það.

Gestir hans þurftu heldur ekki að gera grein fyrir sér. Hann fékk aðgang að gestalista sendiráðsins og gat eytt nöfnum út af honum. Hann fékk að setja sinn eigin upp-tökubúnað upp og tæki til að rugla þær hleranir sem hann var sjálfur beittur. Hann er einnig sagður hafa verið í beinu sambandi við ýmsa stjórnáamenn í Ekvador. CNN segir að hann hafi notað þessi samtök til að gera lítið úr starfsfólki sendiráðsins og ganga framhjá því, þar á meðal sendiherranum Juan Falconí.

„Þú getur ekki gefið fyrirskipanir sem ganga gegn mínum fyrir-

skipunum,“ er sendiherrann sagður hafa sagt við Assange 2013.

Með tímanum urðu samskipti Assange og starfsfólks sendiráðsins sífellt stíðari. Skýrslum var reglulega lekið til fjölmiðla um hversu erfiður Assange væri og það virðist hafa verið rétt. Hann lenti oft í slagsmálum við öryggisverði sendiráðsins. Eitt sinn makaði hann saur á vegg.

Framundan er barátta Assange gegn framsalskröfu frá Bandaríkjunum, en það verður líklegast harðasta orrusta ævi hans enda er mikið undir þar sem hann á ævilangt fangelsi yfir höfði sér í Bandaríkjunum verði hann fundinn sekur um að hafa birt leyniskjöl stjórnvalda. ■



Þumallinn upp Óvíst er hver örlög blaðamannsins verða. Mynd: Getty Images

SAKAMÁL



Ronand Dotson, frá Detroit í Michigan, hlaut næstum lífstíðarfangelsi fyrir nokkur innbrot, öll framin svo hann gæti fullnægt gínugirnd sinni. Dotson, 48 ára, varð gódkunungi lögreglunnar eftir að hafa verið handtekinn fyrir að brjótast minnst sex sinnum inn í ýmsar verslanir yfir 13 ára tímabil. Í öllum tilvikum voru innbrotin framin svo Dotson gæti fullnægt blæti sínu, en hann ágirntist gínur verslananna. Sat Dotson inni fyrir innbrotin. Hann var fyrst handtekinn árið 1993 á bak við verslun í Ferndale í Detroit. Þar var hann að „skemmta“ þremur gínum, sem allar voru klæddar í kynþokkafull undirföt. Síðasta skiptið sem hann var handtekinn var 9. október árið 2006, þá braut hann rúðu og rústaði útstillingum í gluggum verslunarinnar, allt til að komast að einni gínu sem hann hafði augastað á. Sú var klædd í svarthvítan búning þjónustustúlku.

SKORDÝR VÍSUGÐU Á SÖKUDÓLGINN

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



leiddi til handtöku.

Bakgrunnur Brothers kannaður í þaula

Vincent Brothers, aðstoðar-skólastjóri í Kaliforníu, gat ekki litið betur út á yfirborðinu. Honum var lýst sem „hetju“ og „góðum samfélagsþegni.“

En á bak við luktur dyr var Brothers annar maður. Árið 2000 giftist hann Joan Harper, ungri stúlku frá Bakersfield. Þau eignuðust soninn Marques, en hjónabandið slitnaði árið 2001 sökum framhjáhalds Brothers. Þau hófu samband aftur og eignuðust dótturina Lyndsey, giftu sig á ný árið 2003, og eignuðust annan son, Marshall.

Nokkrum mánuðum síðar yfirgaf Brothers heimilið og sambandið slitnaði á ný. Og í þetta sinn varð ekkert af sáttum.

Um þjóðhátíðarhelgina þann 4. júlí flaug Brothers til Ohio til að hitta fjölskylduna. Sunnudaginn 6. júlí fór Harper í kirkju með börnum sínum og móður, Ernestine. Tveimur dögum síðar kom vinkona Harper, Kelsey Spann, í heimsókn og steig inn í martröð. Ummerki voru um innbrot og fann Spann lík Harper, 39 ára, Marques, fjögurra ára, Lyndsey, tveggja ára, og Marshall, sex vikna, í rúmum þeirra. Hin sjötuga Ernestine lá látin í anddyrinu. Höfðu þau öll verið skotin til bana, auk þess sem stungusár fundust á líkama Harper. Brothers var strax talinn vera valdur að voðaverkinu. Hann var handtekinn og yfirheyrður, og virtist hann vera harmi sleginn, en lögreglan var enn full grunsemda.

Lögreglan gat þó ekki sannað að Brothers bæri ábyrgð á morðunum, hann var með skothelda fjarvistar-sönnun, 3.219 kílómetra frá heimilinu, og engin sönnunargögn tengdu hann við morðin, þannig að honum var sleppt úr varðhaldi. Nú mánuðir áttu eftir að líða þar til lögreglan næði gerandanum og það var furðuleg vísending sem

Daglegt líf Brothers var orðið það sama og áður, en lögreglan hafði kannað bakgrunn hans í þaula. Þeir sem sáu um rannsókn málsins voru fullvissir um að Brothers væri gerandinn og höfðu reynt sitt ítrasta til að finna glufur í fjarvistar-sönnun hans. Vitað var að hann leigði bíl meðan hann var í Ohio, þar sem hann hafði lent í óhappi meðan hann var með bílinn á leigu, bíllinn var því tekinn til rannsóknar. Kílómetrastaðan á bílnum var há og benti til þess að Brothers hefði keyrt langa vegalengd, þannig að Lynn Kimsey skordýrafræðingur var fengin til að skoða bílinn. Það sem hún fann reyndist vera það sem varpaði ljósi á heildarmyndina. Vatnskassi og loftsía bílsins innihéldu sérstaka tegund af vespum, pöddum og engisprettum, sem aðeins finnast vestur af Rocky-fjöllum.

Kinsey sagði dýrin vera í samræmi við „tvær langar vegalengdir til Kaliforníu frá austri.“ Melvin, bróðir Brothers, vék frá fyrri frásögn sinni um að Brothers hefði verið með honum þessa helgi.

Kom í ljós að Brothers hafði keyrt frá Ohio til Kaliforníu, útrýmt fjölskyldu sinni og sett á svið innbrot, áður en hann keyrði aftur til Ohio. Vegalengdin var í heild 8.690 kílómetrar.

Brothers var handtekinn árið 2004 og kom fyrir dómara árið 2007. Hann brast í grát þegar dómari hafnaði lífstíðardómi án möguleika á náðun, og dæmdi Brothers til dauða fyrir morðin. Eddie, bróðir Harper, sagði: „Við erum glöð yfir að hann hafi verið dæmdur á réttmætan máta og fundinn sekur. Við getum núna lokað þessum kafla og haldið áfram með okkar líf.“

Brothers biður enn dauðarefsingar í San Quentin-fangelsinu í Kaliforníu.



Mæðgin Harper og yngsta barn hennar, Marshall, sex vikna.



Dóttirin Lyndsey tveggja ára



Elstur Marques fjögurra ára



Amman Ernestine



Vatnskassinn Skordýr sem aðeins finnast vestur af Rockyfjöllum fundust í bílnum, þrátt fyrir að Brothers þverneitaði að hann hefði keyrt þangað.



Heimili fjölskyldunnar
Hér voru Harper, börn hennar og móðir myrt.



Fundinn sekur
Brothers við réttarhöldin.

Dotson hafði þá verið innan við viku á skilorði eftir sjötta fangelsisdóminn fyrir sams konar brot, en þörf hans var óstöðvandi. Var hann dæmdur til 18 mánaða til 30 ára fangelsisvistar og sagði hann fyrir dómi að hann hefði aldrei getað séð um sig sjálfur. Talið var að háttsemi Dotson vekti hræðslu í samfélaginu, þrátt fyrir að hann hefði aldrei skaðað neinn með glæpum sínum. Velta má fyrir sér af hverju Dotson keypti sér einfaldlega ekki sína eigin gínu til að hafa heima hjá sér, þar sem blæti á bord við hans er ekki ólöglegt innan veggja heimilis fólks. Dotson sagði við skilorðsfulltrúa sinn að hann ætlaði að kaupa sér gínu, svo hann gæti stundað athæfi sitt heima í stað þess að standa í eilífum innbrotum," sagði rannsóknarlögreglumaður í Ferndale-lögreglunni fyrir atvikjó árið 2006. „Greinilegt er að það virkaði ekki."



ÁVERKUM LÝST Í 75 MÁLSGREINUM

Pann 29. júní 2017 réðst Joshua Stimpson með fólkskulegum hætti á fyrri verandi kærustu sína, Molly McLaren, 23 ára gamla, og stakk hana 75 sinnum á bílastæði um hábjartan dag. Ástæðan var sú að hún vildi ekki taka við honum aftur.

Málið er tekið fyrir í þáttaröðinni Murdered By My Ex, sem fjallar um umtöludustu morðmál Bretlands. Þátturinn tekur til umræðu um eltihrella og þær hræðilegu afleiðingar sem þeir geta valdið, farið er yfir kringumstæðurnar sem leiddu til dauða McLaren, og hvernig hegðun Stimpson eftir sambandsslit þeirra varð sífellt meira tilefni til áhyggna um að hann myndi beita hana ofbeldi.

Kynntust á Tinder

Parið, sem bjó í Kent á Englandi, kynntist á Tinder og var mjög hamingjusamt í upphafi, en McLaren fór fljótlega að hafa áhyggjur af aukinni stjórnsemi Stimpson og batt enda á samband þeirra sjö mánuðum síðar. Tók hann sambandsslitunum ekki vel og grátbað hana um að taka við honum aftur. Þegar hún neitaði því tók hann að ofsækja hana og elta.

Fjölskylda og vinir McLaren segja í þættinum frá ógnandi skilaboðum sem hún fékk frá Stimpson á Facebook. Þegar stjórnendur samfélagsmiðilsins neituðu að bregðast við kvörtunum McLaren, fór hún til lögreglunnar, sem talaði tvisvar við Stimpson, en hann var ekki handtekinn eða ákærður. Hann lét sér ekki segjast við tiltal lögreglunnar og 12 dögum eftir sambandsslitin beið hann McLaren fyrir utan líkamsræktarstöðina sem hún æfði í og drap hana.

Ekkert gat bjargað lífi hennar

Árásin náðist á öryggismyndavél, McLaren sat í bíl sínum, þegar Stimpson kom að, reif upp dyrnar bílstjóra megin og hóf að stinga hana af miklu afli, með hnífi sem hann hafði keypt tveimur dögum áður. Fólk á vettvangi, sjúkraliðar og lögregla gerðu hvað þeir gátu til að bjarga lífi McLaren. Fyrir dómi sagði læknir að ekkert hefði getað bjargað lífi hennar, og miklu

afli hefði verið beitt við árásina, sem sást meðal annars á sárum á hálsi hennar. Í dómskjöllum var áverkum hennar lýst í 75 málsgreinum, hver og ein þeirra lýsti einu sári eða fleiri.

Við réttarhöldin kom í ljós að fjórum árum áður hafði Stimpson áreitt konu í Staffordshire eftir að þau höfðu farið á eitt stefnumót. Sú kona leitaði til lögreglu, en málið var ekki skráð sem glæpur og Stimpson var ekki handtekinn eða ákærður. Lögreglan sendi honum símaskilaboð um að koma ekki nálægt þeirri konu.

Í febrúar árið 2018 var Stimpson, þá 26 ára, dæmdur til 26 ára fangelsisvistar fyrir morðið á McLaren. Neitaði hann að hafa myrt hana, en fór fram á að vera dæmdur vegna manndráps (á ensku: manslaughter on account of diminished responsibility.) Eftir dauða dóttur sinnar hafa foreldrar McLaren kallað eftir breytingum á reglum þannig að tilkynningar um áreitni og eltihrella verði skráðar sem glæpir í gagnagrunni lögreglunnar.

„Þegar Molly og Joanne, móðir hennar, leituðu til lögreglunnar í Kent, hefði niðurstaðan hugsanlega orðið önnur ef mál konunnar í Staffordshire hefði komið upp. Það hefði hringt bjöllum," sagði Doug McLaren, faðir Molly, í viðtali við BBC. „Molly myndi líklega vera á lífi í dag," sagði hann.

„Hugsanir okkar eru með fjölskyldu og vinum Molly McLaren," sagði talsmaður lögreglunnar í Staffordshire við The Sun. „Við berum ábyrgð á að rannsókn okkar á atvikinu árið 2013 var ekki í samræmi við reglur." Bætti hann við að reglum hefði verið síðan verið breytt til að tryggja betri skráningu slíkra mála.

Eftir að Stimpson var dæmdur gaf fjölskylda McLaren út yfirlýsingu: „Dómurinn hefur fært okkur smá huggun, en ekkert mun geta tekið sársaukann í burtu eða fengið okkur til að verða sátt við að Molly var tekin frá okkur. Við munum áfram lifa lífi fullu af sársauka, angst og sorg. Ljós hefur sloknað í hjörtum okkar allra, en skín áfram skert sem stjarna á himnum að eilífu. Við elskum þig Molly." ■



Hamingjusöm Parið meðan allt lék í lyndi.



Foreldrar Molly Joanne og Doug á bekk sem útbúinn var í minningu dóttur þeirra.



Vettvangurinn Bílastæðið þar sem árásin átti sér stað.

Þóttist vera trans til að sleppa við skammir

Upprennandi fyrirseta afhjúpuð sem transhatari

Kom út og tók það svo til baka

„Ég var ekki tilbúin að koma út strax en í dag var ég rekin og hef fengið haturspósta og líflátshótanir þannig að ég er neydd til að segja sannleikann

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Upprennandi fyrirseta, Carissa Pinkston, hefur heldur betur valdið usla í tískuheiminum að undanförmu með uppátæki sem er svo furðulegt að það jafnar við að vera lyginni líkast. Carissa nefnilega „kom út úr skápnunum“ sem transkona fyrir stuttu, en virtist þó eingöngu gera það til að forðast skammir fyrir virkilega niðrandi færslur á samfélagsmiðlum um transfólk. Þegar fólk í kringum fyrirsetuna sagði hana ljúga á samfélagsmiðlum dró Carissa þetta allt til baka og játaði að hún hefði bara verið að þykjast vera trans svo fólk hætti að senda henni hatursfull skilaboð á samfélagsmiðlum.

„Að vera trans gerir þig ekki að konu“

Þetta byrjaði allt í maí síðastliðnum þegar að Carissa birti færslur á Facebook undir nafninu Rissa Danielle. Carissa birti tvær færslur þar sem hún viðhafði niðrandi orðræðu um transfólk.

„Að vera trans gerir þig ekki að konu. Það gerir þig bara trans,“ hljóðaði önnur færslan og í hinni skrifaði hún:

„Svona vilja þau láta líta á sig. Lífræðilega eru til konur og karlar. Þetta er heimurinn árið 2019.“

Hótað lífláti

Í kjölfarið missti Carissa samning við umboðsskrifstofu sína, Elite Model Management, og var úthúðað á internetinu vegna færslunnanna. Var hún sökuð um að vera transhatari. Þessi saga varð fyrst furðuleg þann 22. júlí síðastliðinn þegar Carissa „kom út úr skápnunum“ í langri færslu á Instagram, sem hefur nú verið eytt.

„Ég var ekki tilbúin að koma út strax en í dag var ég rekin og hef fengið haturspósta og líflátshótanir þannig að ég er neydd til að segja sannleikann,“ skrifaði fyrirsetan, sem virtist eiga farsælan feril framundan. „Ég er trans. Ég var mjög ung þegar ég fór í kynleiðréttingarferli og ég hef lifað lífi mínu sem kona allar götur síðan. Það hefur verið erfitt að halda þessu leyndu en það sem ég sagði um transkonur endurspeglar mitt eigið óöryggi. Ég hef síðan þá komist að þeirri niðurstöðu að ég er kona ... VIÐ ERUM ÞAÐ ALLAR!“ bætti hún við.

Lygin afhjúpuð

Á þessum tímapunkti hélt Carissa

eflaust að hún hefði bjargað sér fyrir horn. Það hefði ekki getað verið fjær sannleikanum. Fólk sem hefur unnið með henni og þekkir hana vel þyrptist á samfélagsmiðla til að ljóstra upp sannleikanum um fyrirsetuna – að hún væri alls ekki transkona, heldur lygari. Fyrirsætan Aaron Philip, sem er trans, var ein af þeim. Henni var ekki skemmt.

„Ímyndið ykkur að vera fyrirseta sem var afhjúpuð sem bullandi transhatari og lét út úr sér illkvittið transhatur, sem síðan LÝGUR UM AÐ VERA TRANS Á NETINU TIL AÐ REYNA AÐ BJARGA FERLINUM?“ skrifaði Aaron á Twitter. Önnur fyrirseta, Aleece Wilson, hélt því líka fram á samfélagsmiðlum að Carissa væri að ljúga. Gott og vel, orð gegn orði.

Eyddi afsökunarbeiðninni

Hins vegar fór þessi flétta að verða afar duldarfull og skrýtin nokkrum dögum síðar þegar Carissa játaði í annarri færslu á Instagram, sem hefur einnig verið eytt, að hún hefði verið að ljúga þegar hún sagðist vera trans. Sagðist hún eingöngu hafa sagst vera trans til að minnka áreitnið eftir allt transhatarið sem hún lét út úr sér.

„Ég biðst afsökunar á öllum athugasemdum sem innihéldu

transhatur. Ég varð óttaslegin og hélt að ef ég kæmi út sem trans að þá yrði allt betra fyrir mig en svo virðist sem ég hafi aðeins gert þetta verra. Ég biðst innilegrar afsökunar. Ég er aðeins tvítug og ég er mennsk. Ég geri mistök en ég neita að láta þau skilgreina mig. Ég vona að þið getið fyrirgefið mér og komist yfir þetta, því ég er svo mikið meira en þetta eina atvik og ég er ekki hugleysingi,“ skrifaði Carissa.

Í ljósi þess að Carissa birti þessa afsökunarbeiðni, væntanlega með vonir um að henni yrði fyrirgefið, er algjörlega óskiljanlegt af hverju hún er nú búin að eyða henni. Framtíð Carissu í fyrirsetubröndum er óljós, en ljóst er að hún hefur móðgað gífurlega marga með framferði sínu.



Efnileg Carissa átti framtíðina fyrir sér í tískuheiminum.



Með Rihönnu Hér eru þær Stella Duval, Carissa Pinkston, Rihanna, India Graham og Taylor Gosling við afhjúpun nærfatalínu Rihönnu. Mynd: Getty Images



EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500



Sala á öllum hreinlætisvörum
og áhöldum til ræstinga fyrir
fyrirtæki, stofnanir og
heimili í verslun okkar



Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá Þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.



Frotagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892 5232
865 2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
Netfang: thrif@thrif.is Veffang: www.thrif.is

Með allt á hreinu í 15 ár

Ástin kviknar um verzló

Nú er verslunarmannahelgin framundan en ófá samböndin hafa myndast þessa helgi, víðs vegar um landið. Sum endast kannski aðeins helgina á meðan önnur endast ævina. DV tók saman fjögur pör sem hafa innsiglað ástina þessa stærstu ferðahelgi landsins.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is




Rómantiskur
Halli í Botnleðju greip gullið tækifæri.

„Er þetta nógu stórt fyrir þig?“

Það ætlaði allt um koll að keyra á Þjóðhátíð í Eyjum árið 2012 þegar að Haraldur Freyr Gíslason, Halli í Botnleðju eins og hann er ávallt kallaður, gerði hlé á tónleikum sveitarinnar til að biðja sinnar heittelskuðu, Sigríðar Eirar Guðmundsdóttur.

„Ég ætla aðeins að misnota aðstöðu mína hérna. Þetta er náttúrulega stærsta, stærsta útihátíð á Íslandi. Þetta verður ekki mikið stærra,“ sagði Halli áður en hann bætti við: „Ég er hérna með lítið box.“

Þá vissu þjóðhátíðargestir hvað klukkan sló og fagnaðarlátunum ætlaði vart að linna. Því næst bað Halli áhorfendur um að klappa Sigríði upp á sviðið og spurði hana jafnframt: „Er þetta nógu stórt fyrir þig?“ áður en hann bað um hönd hennar. Sigríður sagði já og gengu þau hjónin í það heilaga í fyrra.



Bónorðið Það náðist á myndband, sem betur fer.
Mynd: Skjáskot af YouTube



Gleðidagur Hér sjást Beggi og Rut ganga út úr kirkjunni. Mynd: Úr safni

Bónorði í brekkunni

Tónlistarmaðurinn Bergsveinn Arilíusson, betur þekktur sem Beggi í Sóldögg, bað eiginkonu sinnar, Rutar Tryggvadóttur, á eftirminnilegan hátt í brekkunni í Herjólfssdal í Vestmannaeyjum árið 2014. Beggi fékk vini sína í hljómsveitinni Skítamóral til að hjálpa sér við bónorðið sem og starfsmenn þjóðhátíðar, sem fengust til að varpa bónorðinu upp á risaskjá á sviðinu. Bónorðið var svo hljóðandi:

Rut, viltu giftast mér.

Respect.

Beggi í Sóldögg.

Beggi og Rut létu síðan þússa sig saman seinna sama ár og lifir vel í ástarloganum.



Nettur Kiddi nokkur Bigfoot.
Mynd: Úr safni

Allt gerðist þetta í Eyjum

Þlötusnúðurinn Kristján Þór Jónsson, betur þekktur sem Kiddi Bigfoot, og leikskólakennarinn Eyja Bryngveirsdóttir létu þússa sig saman á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum árið 2017, sem var einkar viðeigandi þar sem þau kynntust á Þjóðhátíð árið 2013. Eyja sagði frá þessu í viðtali við Morgunblaðið í fyrra.

„Við kynntumst á Þjóðhátíð Vestmannaeyja 2013, nánar tiltekið á föstudagskvöldinu, þegar honum (eins og hann segir sjálfur frá) var boðið af frænda sínum í minnsta hvíta tjaldið í dalnum, sem var tjaldið mitt. Þar sat ég og varð strax skotin í honum enda fallegur með eindæmum og mjög skemmtilegur.“

VELDU ÚR MEÐ SÁL



J.S. Watch co.
REYKJAVÍK

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is





Sönn ást
Camilla og Rafn hafa gengið í gegnum ýmislegt.
Mynd: Úr safni

Trúlofun og laumufarþegi

Áhrifavaldurinn Camilla Rut kynntist eiginmanni sínum, Rafni Hlíðkvist, þegar að hún var fjórtán ára en hann níttján ára.

„Við byrjuðum samband okkar mjög rólega, þar sem ég var svo ung. Rabbi er fimm árum eldri en ég og bar fullkomna virðingu fyrir því að ég væri að stíga mín fyrstu skref í þessu öllu saman. Við höfum gengið í gegnum svo margt saman á þessum tíu árum, en einhvern veginn alltaf náð að halda okkar striki sem er nú aðallega honum og hans yfirvegun að þakka. Ég telst seint vera yfirveguð og róleg því eins og ég segi þá stjórnað ég af tilfinningum en hann hefur tök á mér sem enginn annar hefur,“ sagði Camilla í viðtali við Vikuna nýverið og bætti við að hjónin hefðu trúlofað sig um verslunarmannahelgi.

„Samband okkar hefur verið ferðalag og mikill lærdómur fyrir okkur bæði en í gegnum allt er þessi skilyrðislaus ást sem stendur svo sterk. Við trúlofuðum okkur um verslunarmannahelgina árið 2014 en vissum ekki þá að laumufarþegi var um borð. Sléttri viku eftir að við trúlofuðum okkur komumst við að því að ég væri ólétt að litla stráknum okkar – og því lík hamingja.“



LÓNSBRAUT 6 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 551 7170 • SAETOPPUR.IS

Verzlunarmann

Hvert áttu að fara um verzlunarmannahelgina?
Hvernig verður stemningin?
Hverjir verða hvar?
Hvað kostar þetta allt saman?
Hvar verður mesta fyllerið?
En hvar er líklegt að finna ástina?
Fókus er með puttann á púlsinum og færir ykkur allt það helsta sem er að gerast um verzlunarmannahelgina.

8

EVROPUMEISTARAMÓTIÐ Í MÝRARVOLTA

Hvar: Bolungarvík.
Hverjir skemmta: Högni Egilsson, Ásta, Rúnar Breki, Flóni, Þórdís Petra og fleiri.
Hvers er sárt saknað: Eiðs Smára.
Hvernig verður stemningin: Loftið verður fullt af dásamlegri lykt af drullumalli í bland við dass af vínanda og mikið af hlástrasköllum.
Hverjir eiga að mæta: Áhættusæknir orkuboltar sem eru til í að ata sig út í drullu á meðan þeir sparka í tuóru.
Hverjir eiga ekki að mæta: Fólk sem þolir ekki lífið.
Verð: Kaupa þarf sérstaka miða á ýmsa viðburði og er verð 3.000–14.000 krónur. Miðasala á tix.is.



1 INNIPÚKINN

Hvar: Bryggjan brugghús og Messinn í Reykjavík. Hverjir skemmta: Between Mountains, Blóðmör, Dj Flugvél & geimskip, Frikki Dór, Hildur, Jónas Sig, Moses Hightower, Sturla Atlas og fleiri.
Hvers er sárt saknað: Unun.
Stemning: Þau sem nenna ómögulega að standa í því að tjalda, pissa úti og hressa upp á tveggja daga gamlan landa með hálsbrjóstsykri fjölmenna á Innipúkann og drekka sinn bjór í friði, laus við leiðindi og veðurofsa.
Hverjir eiga að mæta: Hipsterar og hlustendur Rásar 2.
Hverjir eiga ekki að mæta: Bolurinn, fjölskyldufólk, fellihýsaeigendur og þeir sem elska teknó.
Verð: Miðar fást á tix.is og er verð 3.990 til 6.990 krónur – allt eftir því hvað þú vilt vera lengi á svæðinu. Svo náttúrulega leigubíll heim – vonandi býrðu ekki í Mosfellsbæ – bæ, bæ tíuþúsund kall aðra leiðina!



10 ÚTIHÁTÍÐ Á SPOT

Hvar: Spot, Kópavogi.
Hverjir skemmta: Greifarnir og Siggí Hlö.
Hvers er sárt saknað: Gaurins sem er alltaf með Siggí Hlö en enginn man hvað heitir.
Hvernig verður stemningin: Sveitt, subbulleg og klístruð.
Hverjir eiga að mæta: Bolirnir sem nenna ekki að láta dæma sig fyrir að syngja með Greifalögnum og þeir sem dýrka Siggí Hlö meira en lífið sjálft.
Hverjir eiga ekki að mæta: Allir hinir.
Verð: 3.400 krónur – miðasala á tix.is.



9 KOTMÓT

Hvar: Kirkjulækjarkoti í Fljóthlíð.
Hverjir skemmta: Kristine Bærendsen, KK, Samuel Ljungbladh og fleiri.
Hvers er sárt saknað: Ellenar Kristjáns.
Hvernig verður stemningin: Kotmótið er bindindismót sem hefur verið haldið í 65 ár og því er stemningin eftir því. Hingað flykkist fólk úr kristnum samfélögum af öllu landinu og skemmtir sér án vímuefna.
Hverjir eiga að mæta: Strangkristið fólk.
Hverjir eiga ekki að mæta: Trúleysingjar.
Verð: Ekkert kostar á mótið, en rukkað er fyrir tjaldsvæðið – 1.500 fyrir fullorðna, 900 fyrir unglinga en frítt fyrir börn fyrir nóttina.



2 ÞJÓÐHÁTÍÐ Í EYJUM

Hvar: Herjólfsdalur í Heimaey (dó).
Hverjir skemmta: Bjartmar, Herra Hnetusmjör, Huginn, Svala Björgvins, Sverrir Bergmann, Stjörnin, Páll Óskar, Á móti sól, Jón Jónsson og fleiri.
Hvers er sárt saknað: Helga fokking Björns.
Stemning: Þeir sem fíla að vera í sömu lopapeysunni heila helgi, sofa ekkert, smakka lunda, rífast við heimamenn og öskra úr sér lungun við almúgapopp mæta.
Hverjir eiga að mæta: Bolurinn, Eyjapeyjar og -meyjar og fólk sem ætla að hrynja í það.
Hverjir eiga ekki að mæta: Fólk sem á ekki stígvél og borgarbörnin sem kunna ekki að tjalda. Og já, þeir sem hata gítarpartí þar sem þjóðhátíð er bara eins og eitt, ofurlangt gítarpartí.
Verð: Það kostar 1.600 kall aðra leið með Herjólfí og svo er hátíðarpassinn á 25 þúsund kall.



naahelgin 2019

7 EIN MEÐ ÖLLU OG ÍSLENSKU SUMARLEIKARNIR

Hvar: Akureyri.

Hverjir skemmta: Leikhópurinn Lotta, Einar Mikael, Svala Björgvins, Rúnar Eff, Rán Ringsted, Stefán Haukur, Ingó Veðurguð, Hvanndalsbræður og fleiri.

Hvers er sárt saknað: Sigmundur Ernis.

Hvernig verður stemningin: Hún er yfirleitt godsagnakennd stemningin á Akureyri og búast má við að margir hrynji í það á meðan aðrir einbeita sér að því að elta krakkana í alls konar glens (les pirradir og þreyttir foreldrar).

Hverjir eiga að mæta: Ef þú vilt upplifa flóru af Íslendingum með öllum þeirra kostum og göllum þá mætir þú.

Hverjir eiga ekki að mæta: Þeir sem hafa enga þolinmæði fyrir litlum börnum og fylliröftum.

Verð: Nóttin á tjaldsvæði kostar 2.200 krónur.



6 SÍLDARÆVINTÝRI

Hvar: Siglufjörður.

Hverjir skemmta: Herra Hnetusmjör, DJ Egill Spegill og fleiri.

Hvers er ekki saknað: Smálánakónganna sem skráðu starfsemi sína í ómerkту húsi í bænum.

Hvernig verður stemningin: Þetta er ein af þekktustu hátíðum landsins og má búast við því að heldur verði meira af eldra fólki en yngra, í góðu stuði að rifja upp gamla tíma.

Hverjir eiga að mæta: Þeir sem muna eftir síldarævintýrinu og þeir sem elska að þrjóna.

Hverjir eiga ekki að mæta: Unglingar sem byrstir í ævintýri sem tengist ekki síld.

Verð: Ókeypis inn.



5 SÆLUDAGAR KFUM OG KFUK

Hvar: Í Vatnaskógi.

Hverjir skemmta: Páll Óskar, Lalli töframaður, DJ Ljómi og alls konar prestar og sérfræðingar með ýmis erindi.

Hvers er sárt saknað: Davíðs Þórs með Rádus-grín með trúarlegu ívafi.

Hvernig verður stemningin: Hér eru öll vímuefni stranglega bönnuð og því er einblínt á heilbriggt umhverfi þar sem fólk getur ræktað sinn innri mann í friði.

Hverjir eiga að mæta: Edrú líðið og þeir sem eru orðnir þreyttir á látum og stressi.

Hverjir eiga ekki að mæta: Segir það sig ekki sjálf?

Verð: Ókeypis er fyrir 6 ára og yngri, 3.000 krónur fyrir 7 til 12 ára og 6.000 krónur fyrir 13 ára og eldri.



4 NEISTAFLUG

Hvar: Neskaupstaður.


Hverjir skemmta: Leikhópurinn Lotta, Einar Ágúst, Matti Matt, Papar, Mannakorn, Daði Freyr, Hlynur Ben og fleiri.

Hvers er sárt saknað: Klámfólkið sem var rekið af hótelinu.

Stemning: Það er erfitt að festa fingur á stemninguna því það er svo margt í boði sem hentar alls konar fólki – hlaupurum, börnum, sögusjúklingum og kvikmyndanörðum.

Hverjir eiga að mæta: Ef þú nennir að keyra og langar í eitthvað af alls konar þá mætir þú í Neskaupstað. Hverjir eiga ekki að mæta: Bilveikir.

Verð: Nóttin á tjaldsvæðinu kostar 1.200 krónur.



3 UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

Hvar: Höfn í Hornafirði.

Hverjir skemmta: Úlfur, Úlfur, Salka Sól, Daði Freyr, Briet og fleiri. Svo er auðvitað keppt í öllu og engu – allt frá brennibolta til pítukasts.

Hvers er sárt saknað: Bjarna Ben að keppa í kökuskreytingum.

Stemning: Heilsusamlegt fjör fyrir alla þá sem vilja eyða gæðatíma með fjölskyldunni, hlæja og horfa á misgáfulegar keppnisíþróttir.

Hverjir eiga að mæta: Fjölskyldufólk, keppnismanneskjur og flippausar.

Hverjir eiga ekki að mæta: Drykkjuboltarnir og fýlupúkarnir.

Verð: Tjaldsvæðið er ókeypis fyrir mótsgesti og fjölskyldur þeirra en greitt er fyrir afnot af rafmagni. Skráningargjald er 7.500 krónur.



Ekkert áfengi, takk!

Þú sérð áfengi á fólki en ekkert svakalega mikið. Subbulegt fylleri!

Þú gætir fundið ástina – allavega einnar nætur gaman

Hátíðarlag

Náttúrufegurð


Eitthvað fyrir alla fjölskylduna

Hipsterar á ferð

Bolurinn ræður ríkjum

Hefð

Helgarkrossgátan

	Teikning: DG eftirprentun bonnuð	Höfundar- réttur skyrtur.	steinninn	slæm				batnir
	krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	➔					↙	1
	sekk						þoka	
	lagður						sperra	
	sólguð					nýtiskulegt		↓
	aftur húð						6 nam	2
↓	5 eins	fugl	fuglar	öfug röð		mánuður spendýr		
➔								brotið
							7	8
kaun				↙				↙
tóbak						suð		belti mála
		sáðlönd óvissuna				anga upphaf og endir		
yfirhöfn	3				týnir	álpast		vitundin
	stynur		brella			garga	6	
brakar						stertur	lævís	
utan			fiskar	↓		spillið		rákinnar
hankana						angar	strákapör merkti	
		hvarf baksa				glepja 3 eins		
sumbl					sérhvern 3 eins			mann
	pilla stíurnar					4000 atorka		
knæpa				duglausa innrætið			afa áunnið	
rambaldur			næri bægsli			púka maður		fugl 5
lost					garg		ómarga óðagot	
	draug áflog					fremur		storm
kroppi					fyrirgefa	4		
skítugir					9	elgurinn		

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

		9	2					3
5	8				4		9	
			7	8		5		
3		2					7	8
4	1	5						
7			9	1	2		4	
8						2	3	7
	2		4	6		8		
		3					1	

Erfið

3	6			2				1
				8			6	7
4					1			
			1	6	3		7	8
					2		1	5
		9					3	
			2	5	6			
9					4			
1		5		3				

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Pálmar Kristinsson

Lausnarorðið var LAXASTIGI

**Pálmar hlýtur að launum
bókina Mordíð í Snorrauga
eftir Stellu Blomkvist**



Í verðlaun fyrir gátu helgar-
bladsins er bókina Barn náttúrunnar

Barn náttúrunnar er fyrsta bók Halldórs Laxness. Hann var aðeins sautján ára þegar hún kom út haustið 1919 og sagði sjálfur löngu síðar að hún væri sín besta bók, því hún geymdi óm bernskunnar.

Hulda er ótamið náttúrubarn og heimsmaðurinn Randver fellur fyrir töfrum hennar, þrátt fyrir ásetning um annað. En hún vill kynnast veröldinni og fara burt úr sveitinni sinni, hann hefur loks fundið sér tilgang og samastað og vill vera um kyrrt. Ástarsaga þeirra verður því átakasaga þar sem heitar tilfinningar og stórar hugsjónir eru í húfi – framtíðardraumar þeirra og þrá.

Þessi heillandi bernskusaga Nóbelskálðsins er nú gefin út í tilefni 100 ára útgáfu-
afmælis. Með fylgir formáli höfundarins að annarri útgáfu sögunnar frá 1964, og nýr
eftirmáli Halldórs Guðmundssonar.



POTTAGALDRAR VIÐ GRILLIÐ Í SUMAR



Kebab
kjúklíngakrydd

Villijurtir

Eðalsteik-
og grillkrydd

Best á allt


Víkíngaolía
fyrir naut
og lamb

Ítölsk
hvíttauksolía

Grísk kryddolía
fyrir kjúklíng
og fisk

Piri piri
kryddolía

Með sjálfbærni og mannúð að leiðarljósi • Engin aukaefni • 100% hrein krydd
Uppskrift að góðri matargerð



Nú er rétti tíminn
til að leita tilboða

Eru hellurnar óhrein gróðrarstía?

Við hreinsum, söndum, húðum
svo þær verða eins og nýjar



Geymdu auglýsinguna

HELLUHREINSUN.IS - S: 7756080



HVAMMISHÓLAR

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA
SITURTANKUR Í STAÐ SITURLAGNA
SKOLPHREINSISÞÖÐVAR

FYRIR:

HÓTEL

HEILSÁRSHÚS

SUMARHÚS



GRÆNT ALLA LEIÐ



SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI



+354 660 4085



SIGGI@HVAMMISHOLAR.IS


HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Þakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is

**ALLAR ALMENNAR SMÍÐAR
FAGMENNSKA OG LIPURÐ**



SAMS MÍÐA

HÚSA - OG HÚSGAGNASMÍÐIR



770 6033



www.samsmida.is
samsmida@samsmida.is

Áttu griðastað þar sem sólin skín?
PALLASMÍÐI ER OKKAR FAG

